



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í Félagsfræði**

„Stella with the lads?“

Hooliganismi, áfengisneysla og birtingarmyndir í fjölmiðlum

Þorri Hrafn Róbertsson

Leiðbeinandi: Anna Soffía Víkingsdóttir, doktorsnemi
Febrúar 2024

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

„Stella with the lads?“

Hooliganismi, áfengisneysla og birtingarmyndir í fjölmiðlum

Porri Hrafn Róbertsson

160599-2519

Lokaverkefni til BA-gráðu

Leiðbeinandi: Anna Soffía Víkingsdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfélagsfræði

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2024

„Stella with the lads?“ Hooliganismi, áfengisneysla og birtingarmyndir
í fjölmiðlum

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-prófs við félagsfræði-,
mannfræði-, og þjóðfélagsfræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2024 Þorri Hrafn Róbertsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2024

Útdráttur

Í þessari heimildaritgerð verður fjallað um samspil hooliganisma og áfengisneyslu ásamt birtingarmyndir fyrirbærisins í fjölmiðlum. Þá verður einnig skoðað hooliganisma á Norðurlönunum og hvort að hann hafi náð fótfestu, út frá hnattvæðingu og áhrifum frá Englandi. Stuðst er við rannsóknir sem skoða tengsl milli ofbeldis stuðningsmanna og áfengisneyslu. Birtingarmyndir hooliganisma verða skoðaðar út frá kenningunum siðafár og dagskráráhrif. Niðurstöður benda til þess að áfengisneysla ýti ekki undir hooliganisma og að það séu lítil tengsl þarna á milli. Fjölmiðlar beita dagskráráhrifum, með neikvæðri umfjöllun, til þess að lýsa hooliganisma sem þjóðarskelfi og vandamál í samfélaginu. Þannig ýta þeir undir siðafár, þar sem almenningur sér fyrirbærið sem ógn við gildum samfélagsins. Markmið með þessari ritgerð er að opna umræðuna um hvort menningarkiminn geti náð fótfestu hér á landi.

Formáli

Þessi ritgerð er metin sem 12 eininga lokaverkefni til BA gráðu í félagsfræði við Háskóla Íslands. Áhugi minn á íþróttum og fótbolta hefur alltaf verið mikill, en á síðustu árum hef ég þróað mikinn áhuga fyrir stuðningsmannamenningu innan fótbolta. Hugmyndin kom til mín þegar ég horfði á þættina Wrexham og það var einn þáttur sem einblíndi á hooliganisma. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, henni Önnu Soffíu Víkingsdóttur, fyrir góða leiðsögn og þolinmæði. Foreldrar mínir og kærasta fá einnig miklar þakkir fyrir að styðja við mig, hvetja mig áfram þegar erfitt var og hjálpa til við að fara yfir ritgerðinna.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2 Almenn umfjöllun um hooliganisma og kenningar	9
2.1 Hvað er fótbolta hooliganismi?	9
2.1.1 Fótbolta hooliganismi á alþjóðlegu sviði	10
2.1.2 Öfgafullir stuðningsmenn	11
2.2 Sjálfumleiki fótboltabullu	11
2.3 Hooliganismi í sögulegu samhengi	13
3 Fótbolta hooliganismi og áfengisneysla	16
3.1 Almennar rannsóknir á áfengisneyslu og hooliganisma	16
3.2 Áfengistakmarkanir á fótboltaviðburðum	18
3.3 Mikilvægi áfengis fyrir stuðningsmenn	20
3.4 Fótbolta karnival	21
4 Fótbolta hooliganismi og fjölmiðlar	25
4.1 Kenningarleg nálgun	25
4.2 Dagskráráhrif, siðafár og hooliganismi	27
4.3 Birtingarmyndir hooliganisma í fjölmiðlum	29
4.3.1 Enskar fótboltabullur í fjölmiðlum	31
5 Hooliganismi á Norðurlöndum	32
5.1 Danmörk	33
5.2 Svíþjóð	34
5.3 Noregur	35
5.4 Ísland	35
6 Umræður og lokaorð	37
Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Átök á milli fótboldastuðningsmanna á sér stað víða um heiminn. Sérstakur menningarkimi hefur orðið vinsæll í Evrópu sem kallast fótbolda hooliganismi (e. *football hooliganism*). Hér eftir verður notað orðið hooliganismi þar sem íslenska þýðingin, óeirðir, nær ekki eins vel utan um hugtakið, og getur því haft áhrif á meiningu orðsins. Fyrirbærið kom fyrst fram í Englandi í kringum sjötta áratug síðustu aldar, sem hefur ollið miklu samfélagslegu siðafári og var kölluð enska veikin (e. *the english disease*) (Spaaij, 2006; Frostdick og Marsh, 2005; Dunning, 2000). Ásamt því hefur menningarkiminn dreifst um Evrópu og hefur tekið fótfestu m.a. í Hollandi og á Spáni. Menningarkimin hefur einnig komið fram í Suður-Ameríku en erfitt er að finna hann annars staðar í heiminum (Spaaij, 2006). Mikil deila hefur verið í samfélaginu og einnig á milli fræðimanna um þýðingu hugtaksins og skilgreiningu þess. Fjölmiðlar, stjórnámálamenn og almenningur álíta fyrirbærið á einfaldan hátt, sem slagsmál á milli stuðningsmanna, í fótboldasamhengi, hvort sem það er á vellinum eða á bar (Spaaij, 2006; Frostdick og Marsh, 2005; Poultron, 2005; Murphy o.fl., 1990). Hugtakið er mjög vítt og er erfitt að koma fram með einfalda skilgreiningu sem lýsir því vel. Einnig eru fræðimenn ekki sammála um hvað felst í því að vera fótboldabulla (e. *football hooligan*). Vandamálið er að hugtakið er í grunninn ekki fræðilegt heldur búið til af fjölmiðlum (Frostdick og Marsh, 2005; Dunning, 2000).

Mín reynsla er mjög takmörkuð þegar kemur að fótboldabullum, þá í þeirri skilgreiningu sem fræðimenn hafa komið fram með. Hins vegar hef ég farið á stóra fótboldaviðburði út fyrir Ísland, eins og hjá enska fótboldaliðinu West Bromwich Albion (WBA) árið 2013 og Evrópumótið í Frakklandi árið 2016. Í báðum tilfellum upplifði ég skemmtilega stemningu og andrúmsloftið var magnað, eitthvað sem er erfitt að upplifa á fótboldaleikjum hér heima. Þrátt fyrir ákveðna stemningu hér heima er meiri áhersla á að fótboldaleikir séu viðburðir fyrir fjölskylduna (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022b). Sem dæmi þá var ég barn þegar ég fór á minn fyrsta fótboldaleik þar sem Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) var að spila. Fyrsta upplifunin á fullum enskum stuðningsmönnum var á leik með WBA, þegar ég var 13 ára. Það var allt öðruvísi upplifun en maður var vanur á Íslandi. Ég kynntist hugtakinu þó ekki fyrr en ég var unglingur, í gegnum fjölmiðla. Þá var hugmynd mín um fótboldabullur að þeir væru bara drykkfeldir stuðningsmenn sem vildu slást. Með því að fara á fótboldaleiki, bæði heima og erlendis, þá jókst áhugi minn á hooliganisma sem fyrirbæri.

Á Íslandi hefur áfengissala á fótboltaviðburðum verið bönnuð fram að 6. júní árið 2022, þegar leyft var að selja áfengi á landsleik Íslands gegn Albaníu. Það virðist sem svo að einnig sé hægt að kaupa áfengi á leikjum bestu deildarinnar (efsta deildin á Íslandi). Ekki er þó almennilega vitað hvort það sé hægt að kaupa áfengi á öllum leikjum (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022a). Skiptar skoðanir hafa myndast, þar sem sumir eru hliðhollir þessari umræðu á meðan aðrir eru á móti (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022b). Fjölmiðlar og almenningur eru oft fljótir að beina spjótum sínum að áfengi sem aðal áhrifavaldur hooliganisma (Purves o.fl., 2022; Rookwood og Spaaij, 2017; Dunning o.fl., 2014). Fjölmiðlar hafa einnig málað hooliganisma sem samfélagslegt vandamál, eða siðafári. Á Englandi hafa fjölmiðlar verið duglegir að viðhalda siðafári hooliganisma í samfélaginu (Spaaij, 2006; Poultron, 2005).

Draumur minn var að fjalla almennt um hooliganisma óháð menningu eða samfélagi. Það er hins vegar flókið því fyrirbærið er svo mismunandi eftir löndum (Spaaij, 2006). Einnig eru margar heimildir byggðar á enskum hooliganisma þar sem flestar rannsóknir og rit eru skrifuð af breskum fræðimönnum (Frosdick og Marsh, 2005; Giulianotti og Armstrong, 2002; Dunning, 2000). Þetta þýðir að fyrirbærið sé ekki endilega endurspeglað í íslensku samfélagi. Í textanum verður þó skoðað hvort fyrirbærið hafi náð fótfestu á Norðurlöndunum. Markmið með þessari heimildaritgerð er að skoða, út frá heimildum fræðimanna víða um heim, tvo lykilþætti sem eru taldir hafa áhrif á hooliganisma. Þessir þættir eru annars vegar áfengisneysla og hvernig áfengi er talið, af fjölmiðlum og almenningi, ýta undir hooliganisma (Purves o.fl., 2022; Rookwood og Spaaij, 2017; Dunning o.fl., 2014), og hins vegar hvernig neikvæð umfjöllun um hooliganisma er mótuð í fjölmiðlum, út frá tveimur kenningarlegum nálgunum, siðafár og dagskrákenningu (Dunning o.fl., 2014; Poultron, 2005; Poultron, 2002; Murphy o.fl. 1990).

Meginmál ritgerðarinnar skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kaflanum fjalla ég almennt um hooliganisma, hvernig fræðimenn túlka hugtakið, sjálfumleika og ímynd fótboltabullna, og svo hvernig fyrirbærið hefur myndast, út frá sögulegu samhengi. Í kafla tvö eru skoðuð tengsl milli áfengisneyslu og hooliganisma, þá út frá rannsóknum, áfengistakmörkunum á fótboltaviðburðum, en einnig verður skoðað karnival stuðningsmenn út frá vettvangsrannsóknum Pearsons. Þriðji kafli fer betur út í umfjöllun fjölmiðla á hooliganisma, bæði út frá dagskráráhrifum og siðafári, og birtingarmyndum hooliganisma

í fjölmiðlum. Að lokum snýst fjórði kafli um að skoða fyrirbærið út frá Norðurlöndum, þá aðallega í Svíþjóð og Danmörku en einnig í Noregi og á Íslandi.

2 Almenn umfjöllun um hooliganisma og kenningar

Í þessum kafla verður fyrirbærið fótbolta hooliganismi kynnt, merking þess skoðuð og farið verður yfir skilgreiningar erlendra fræðimanna á hugtakinu. Einnig verður farið út í dýpri hugmyndir um sjálfumleika (e. *identity*) og ímynd fótboltabulla. Mikilvægt er að skoða slík fyrirbæri út frá sögulegu samhengi og verður það gert í þessum kafla. Einnig verður umfjöllun um hugtakið öfgafullir stuðningsmenn (e. *ultras*). Þá má nefna að oft er þunn lína á milli þess að vera öfgafullur stuðningsmaður og fótboltabulla.

2.1 Hvað er fótbolta hooliganismi?

Það getur verið erfitt að greina frá raunverulegri skilgreiningu hugtaksins fótbolta hooliganisma. Hugtakið er mjög vítt og oft notað sem regnhlífahugtak til þess að útskýra ákveðna félagslega hegðun (Spaaij, 2006; Frosdick og Marsh, 2005; Frosdick og Newton, 2006; Dunning, 2000). Fræðimennirnir Frosdick og Marsh (2005) vilja meina að fyrirbærið fótbolta hooliganismi hafi verið fundið upp af fjölmiðlum og er ekki fræðilegt hugtak. Þeir stungu upp á öðrum nöfnum sem gætu hjálpað betur til að útskýra þessa félagslegu hegðun. Fyrsta hugmyndin þeirra var áhorfenda ofbeldi, sem nær betur utan um merkingu hugtaksins en gefur til kynna að ofbeldið eigi sér bara stað á leikvangi. Önnur hugmynd þeirra var íþróttatengt ofbeldi en það inniheldur líka leikmennina inn á vellinum (bls. 27). Fræðimaðurinn Spaaij (2006) skilgreinir fótbolta hooliganisma sem keppnisofbeldi skipulagðra aðdáendahópa sem er beint gegn öðrum andstæðum aðdáendahópum. Þetta eru ósjaldan sjálfsprottin, ofbeldisfull hegðun sem á sér stað í stúkunni heldur skipulögð atvik sem eiga sér stað utan vallarins (bls. 20). Spaaij (2006) hefur í ritum sínum gagnrýnt Frosdick og Marsh fyrir að skoða fyrirbærið en reyna ekki að koma fram með fræðilega skilgreiningu á hugtakinu.

Ásamt Frosdick, Marsh og Spaaij þá hefur Dunning (2000) einnig skrifað um að fótbolta hooliganismi sé ekki félagsfræðilegt eða félagssálfræðilegt hugtak heldur hugmynd sem hefur myndast af völdum fjölmiðla og stjórnámálanna. Það skortir nákvæmni og sé notað yfir ýmsa hegðun sem á sér stað í fótboltatengdu samhengi. Svona hegðun er líka mismunandi eftir tegund og stigi ofbeldis. Fjölmiðlar og stjórnámálamenn sjá hugtakið sem ákveðinn stimpil yfir einkennandi hegðun sem á sér stað í fótboltalegum skilningi, sem dæmi, í formi munnlegs og líkamlegs ofbeldis; að kasta hlutum t.d. steinum, dósnum o.s.frv í leikmenn, dómara, yfirmenn, þjálfara og aðra aðdáendur; eyðileggingu á

eignum fótboltafélaga og einstaklinga; hnefaslagsmál, slagsmál þar sem spark er notað og stundum vopn eins og hnifar og byssur (bls. 142). Frostdick og Newton (2006) vitna líka í að hugtakið hafi fyrst komið fram í fjölmiðlum. Þegar slagsmál á milli andstæðra aðdáenda eiga sér stað getur það verið einvígi eða lítill hópur aðdáenda. Hins vegar geta komið upp tilvik þar sem um hundrað manns eru í sitthvorum hópnum (Dunning o.fl., 2014). Hooliganismi er stundum notað til þess að fela pólitíska stefnubundna hegðun, en dæmi um slíkt eru öfuga hægrisinnaðir hópar. Fyrirbærið er einnig notað til þess að mótmæla eigendum og þjálfurum fótboltaklúbba og til að fordæma rasíska hegðun í fótboltatengdu samhengi (Dunning, 2000, bls. 142).

2.1.1 Fótbolta hooliganismi á alþjóðlegu sviði

Mikil hnattvæðing hefur átt sér stað á síðustu áratugum og hooliganismi hefur dreift sér víða (Spaaij, 2006). Það virðast vera mismunandi hugmyndir og skilgreiningar um hvort að hooliganismi sé í raun alþjóðlegt eða eingöngu Evrópskt fyrirbæri. Fræðimenn eins og Dunning (2002), Frostdick og Marsh (2005) hafa talað um að áhorfenda ofbeldi sé að finna víða um heiminn, ekki aðeins í Evrópu. Hins vegar ber fræðimaðurinn Spaaij (2006) bera rök fyrir því að hooliganismi sé ekki alþjóðlegt fyrirbæri. Sjálfsprottið áhorfenda ofbeldi sem á sér stað á fótboltaleikjum má álíta sem alþjóðlegt fyrirbæri. Eins og talað var um fyrr í ritgerðinni þá skilgreinir Spaaij (2006) hooliganisma sem skipulagt keppnisofbeldi, sem er ekki það sama og sjálfsprottið áhorfenda ofbeldi, sem á sér stað í stúkunni (bls. 20). Fyrirbærið er því aðallega Evrópskt og Suður-Amerískt (Spaaij, 2006, bls. 12). Samkvæmt rannsóknum virðast flest lönd í Evrópu hafa einhversskonar hooliganisma, þó að mismiklar rannsóknir hafa verið á því sviði. Flestar rannsóknir hafa þó verið gerðar í Englandi þegar kemur að fyrirbærinu, ásamt kenningarlegum bakgrunnum (Spaaij, 2006; Frostdick og Marsh, 2005; Dunning, 2002). Hooliganismi er einnig algengur í Suður-Ameríku (Spaaij, 2006). Uppruni árásagjarna stuðningsmanna í Argentínu virðast hafa komið fram á fjórða og fimmta áratugnum. Þessir hópar af fótboltabullum eru kallaðir *barras bravas* og *Hinchadas* (Duke and Crolley, 1996, bls. 276, eins og vísað er til í Spaaij, 2006, bls. 13). Svipaður hópur kom fram í Brasilíu í kringum áttunda áratug síðustu aldar, sem ýtti friðsamlegum aðdáendum í burtu. Þessi hópur kallast *torcidas organizadas* (Pimenta, 2003: 43, eins og vísað er til í Spaaij, 2006, bls. 13-14). Lítið er um fótbolta

hooliganisma í Norður-Ameríku, Asíu, Afríku og restinni af heiminum (Spaaij, 2005, bls. 15-17).

2.1.2 Öfgafullir stuðningsmenn

Erfitt er að finna íslenskt orð sem lýsir fyrirbærinu *ultras*, en „öfgafullir stuðningsmenn“ nær vel utan um merkingu hugtaksins. Hugtakið kom fyrst upp á yfirborðið á Ítalíu, seint á sjöunda áratug síðustu aldar. Nú til dags er þetta þekktasta form aðdáunar í fótboltaheiminum og hefur breiðst um Evrópu (Doidge, o.fl., 2020). Það er sérstaklega vinsælt í suðurhluta Evrópu, eins og á Ítalíu og Spáni, og er að dreifast sér norðar um Evrópu (Spaaij, 2006). Öfgastuðningsmanna hópar eru mjög hliðhollir sínum fótbolta liðum. Pólítískar stefnur innan þessara hópa geta verið mismunandi, þar sem sumir eru hægrisinnaðir á meðan aðrir vinstri sinnaðir. Í sumum tilfellum geta verið andstæðir pólítískir hópar sem styðja sama liðið, sem dæmi má nefna Real Zaragoza. Fótboltabullur og öfgafullir stuðningsmenn eru ólík hugtök en virðast vera lík. Bæði hugtökin þróast á svipuðum tíma en koma fram út frá mismunandi menningarheimum (Doidge o.fl., 2020).

Hooliganismi einblínir á árásarhneigð og hörku, þá sérstaklega á milli tveggja andstæðra aðdáendahópa eða gegn lögreglu (Spaaij, 2006; Forsdick og Marsh, 2005; Dunning, 2000). Fótboltabullur klæðast frekar óformlegum fötum, ekki í liðstreyjum eða einkennisbúning liðsins, til að koma í veg fyrir að draga að sér of mikla athygli. Öfgastuðningsmannahópar einblína á að klæðast treyjum, treflum og fánum liðsins sem þeir styðja. Einnig er meira skipulag innan hópsins, yfirleitt er einn leiðtogi og svo hópur sem tekur ákvarðanir þegar kemur að hugmyndum, inntöku nýrra meðlima og fjáröflun. Í þessum menningarkíma þá koma stundum upp atburðarásir þar sem ofbeldi á sér stað en það er þó ekki meginpunkturinn. Mikil áhersla er lögð á stemningu, söng og fleira til þess að styðja liðið sitt (Doidge, o.fl., 2020).

2.2 Sjálfumleiki fótboltabullu

Ungir karlmenn á aldrinum 16-35 ára eru þeir sem virðast helst stunda keppnisofbeldi (Giulianotti og Armstrong, 2002, bls. 215). Aðrir fræðimenn hafa einnig talað um að ungir karlmenn séu ráðandi þegar kemur að hooliganisma (Spaaij, 2006; Forsdick og Marsh, 2005; Dunning, 2000). Lítið er um konur sem taka virkan þátt í ofbeldi, þær eru í flestum tilfellum konur eða kærustur karla innan fylkingarinnar (Spaaij, 2006). Flestir eru í verkamannastétt eða millistétt en það þetta getur verið mismunandi eftir þeim

tækifærum sem fólk hefur (Giulianotti og Armstrong, 2002, bls. 215). Vert er að taka fram að þetta endurspeglar ekki öll samfélög. Spaaij (2006) komst að því í sinni rannsókn að flestir kæmu úr millistétt frekar en verkamannastétt, en það væri hins vegar mismunandi eftir löndum. Einnig sýndu niðurstöður hans að flestir væru af hvítum kynþætti, en þá eru einnig aðrir þjóðernishópar sem stunda hooliganisma. Flestir þeirra fylgjast með fótbolta og hafa einhversskonar þekkingu eða reynslu af fótboltaíðkunn. Fyrir utan vinnu þá deila þeir svipaðri tómstundaiðkunn eins og að fara á barinn, fótboltavöllinn og næturklúbba, en einnig svipuðum neyslumynstrum eins og tónlist, áfengis drykkja, fata tíska og fylgjast með íþróttum (Giulianotti og Armstrong, 2002, bls. 216). Innan hópa fótboltabullna er ekki mikið um formlegt skipulag. Þessar fylkingar hafa yfirleitt enga leiðtoga né eða stjórnendur. Það þýðir þó ekki að stjórnleysi ríki í þessum fylkingum heldur séu ákveðnir einstaklingar sem leiða hópinn. Þessir einstaklingar hafa einhversskonar stöðu og heiður innan hópsins, oft eru þetta þeir einstaklingar sem eru „sterkastir“ (Spaij, 2006; Giulianotti og Armstrong, 2002).

Sjálfumleiki og sjálfsmýnd fótboltabullna skiptir þá miklu máli. Þeir byggja upp sjálfsmýndir sína á sameiginlegum grunni þar sem þeir greina muninn á sjálfum sér og hinum. Þessir „hinir“ eru þá hópar og stuðningsmenn andstæðra fótboltaliða (Spaij, 2006). Spaaij (2006) hefur fundið í rannsóknum sínum að fótboltabullur aðgreina auðkenni síns hóps og andstæðinga á tvenna vegu; í fyrsta lagi er það að gera lítið úr karlmennsku andstæðinganna, með því að kalla þá niðrandi nöfnum eins og „aumingjar“ eða „gungur“. Í öðru lagi aðgreina þeir sig eftir því hvaða fótboltafélag þeir styðja, frá hvaða hverfum og borgum þeir koma, og út frá þjóðerni, trúarbrögðum og pólitík. Sem dæmi getur samkeppni á milli liða verið allskonar; „Feyenoord/Rotterdam og Ajax/Amsterdam eða Atheltic Bilbao/Baskar/Vinstrisinnar og Real Madrid/Spánverjar/Hægrisinnaðir“ (bls. 35). Giulianotti og Armstrong (2002) fjölluðu um að það væri dýpri skilningur á bakvið samkeppni milli aðdáendahópa; ríkir gegn fátækum, vinstrisinnaðir gegn hægrisinnum, úthverfi gegn fátækrahverfi, minnihlutahópur gegn meirihluta (bls. 228). Innan fylkinga fótboltabullna ríkja ákveðnar karlmennsku hugmyndir. Þessar hugmyndir eru yfirleitt stuðlaðar að hörku, baráttu hæfni og því magni áfengis sem einstaklingur getur drukkið án þess að deyja áfengisdauða (Dunning, 1999, bls. 193). Þetta er það sem gerir þá að alvöru karlmönnum og þannig vinna þeir sér inn heiður (Spaij, 2006).

Stór grunnur menningarkimans byggist á stöðu og heiðri einstaklinga og fylkinga (Giulianotti og Armstrong, 2002). Bourdieu (1977) talaði um að það væri einungis hægt að krefjast heiðurs með lögmætum hætti með því að skora á eða bregðast við áskorun jafningja. Spaaij (2006), Giulianotti og Armstrong (2002) hafa skrifað um að enginn heiður fylgir í því að slást við „hefðbundna“ aðdáendur eða við þá sem eru taldir óhæfir til að slást. Í grunninn eru hugmyndir fótboltabullna að slást við aðra fótboltabullur. Það er talið vera óheiðarleiki og brot á óskráðum reglum ef ráðist er á „hefðbundna“ aðdáendur eða fólk sem getur ekki slegist til baka. Þegar kemur að slagsmálum við aðrar fótboltabullur þá er það óheiðarleg hegðun að nota ákveðin vopn eða kasta hlutum (Spaaij, 2006; Giulianotti og Armstrong, 2002).

2.3 Hooliganismi í sögulegu samhengi

Mismunandi form ofbeldis á meðal áhorfenda hefur fylgt ensku knattspyrnunni í gegnum söguna, en mest hefur verið skrifað um sögu hooliganisma út frá Ensku samfélagi (Dunning o.fl., 2014; Spaaij, 2006; Frosdick og Marsh, 2005). Það má rekja rætur fótbolta alla leið til ársins 1863. Það ár var knattspyrnusambandið (FA) stofnað. Á þeim tíma þá var fótboltaíðkun aðeins athöfn tileinkuð efri og miðstétt (Dunning o.fl., 2014; Frosdick og Marsh, 2005). Hins vegar eftir að FA bikarkeppnin var stofnuð þá fór leikurinn að breiðast til verkastéttarinnar (Dunning o.fl., 2014). Þá voru leikvællir byggðir í hjarta verkamannasamfélaga í enskum borgum (Frosdick og Marsh, 2005). Fyrir fyrri heimstyrjöldina í Englandi átti sér stað ofbeldi í stúkunni á meðal áhorfenda, en það var ekki algengt. Þessi átök voru nánast alltaf sjálfsprottin af einhverjum ástæðum, og var ekki eins og hooliganismi sem við þekkjum í dag (Frosdick og Marsh, 2005). Þessi átök voru aðallega gegn starfsmönnum og leikmönnum en ekki öðrum aðdáendum (Dunning, o.fl., 2014; Spaaij, 2006). Á milli heimstuðjaldanna var einnig lítið um áhorfenda slagsmál en það var ekki fyrir en eftir seinni heimstyrjöld þar sem fyrirbærið fór að aukast (Frosdick og Marsh, 2005).

Hooliganismi eins og við þekkjum hann nú til dags fór ekki að koma fram fyrir en á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar (Spaaij, 2006; Giulianotti og Armstrong, 2002). Eftir seinna stríð hækkaði iðnframleiðsla gríðarlega í Englandi, efnahagsástandið bættist og lítið var um atvinnuleysi. Laun verkamanna hækkuðu um 40% og kaupmáttur launa um meira en fjórðung á milli árána 1950-1965. Snemma á sjötta áratugnum höfðu ungir

karlmenn úr verkalýðsstétt helmingi hærra laun en vinnumenn sem voru uppi í kringum 1939. Fólk í verkalýðsstétt hafði þá meira á milli handanna og efri stéttir höfðu ekki jafn mikil völd yfir þeim lengur (Dunning, o.fl., 2014). Þessar breytingar ýttu undir að ungir karlmenn úr verkalýðsstétt fóru að mæta meira á fótboltaviðburði en áður fyrr (Spaaij, 2006). Á þessum tíma voru enskir vellir, ásamt öðrum völlum í Evrópu, byggðir á þann hátt að það var ein megin stúka, þar sem hægt var að sitja, á meðan hinar þrjár stúkunnar voru pallar þar sem fólk stóð á. Megin stúkan var aðskilin hinum stúkunum og var helst tileinkað efri stéttum í samfélaginu, sem ýtir undir stéttamismunun (Giulianotti og Armstrong, 2002, bls. 221). Ungir aðdáendur voru þá yfirleitt í ódýrari stúkunum á bakvið bæði mörkin (Spaaij, 2006; Giulianotti og Armstrong, 2002). Aðdáendur vildu þá yfirleitt vera á bakvið markið hjá andstæðingunum til að geta truflað markmanninn. Þá mynduðust athafnir þar sem áhorfendur skiptu svo um vallarhelming í hálfleik. Oft þegar hálfleikur skall á þá brutust út átök á milli áhorfenda (Giulianotti og Armstrong, 2002, bls. 221).

Á þessum tíma í Englandi fóru að rísa upp ákveðnir andmenningarhópar (e. *counter culture*) eins og Mods, Rockers, Skinheads og Teddy Boys. Í hópunum voru aðallega ungir karlmenn (Frosdick og Marsh, 2005). Þá er talað um að línan á milli þessara hópa og hooligan menningarkimans hafi verið þunn (Dunning o.fl., 2014). Félagsfræðingar vildu einnig meina að hooliganismi hafi aukist með tilkomu sjónvarpsins og að það hafi hvatt aðra yngri karlmenn til þess að taka þátt í ofbeldi (Frosdick og Marsh, 2005). Fylkingar og hópar ungra karlmannna fóru að myndast á fótboltaleikjum í ríkari mæli. Í norður Englandi fór að verða meiri áhersla fylkingaa á að halda sínu svæði og vernda það frá andstæðingum (Hobbs og Robins, 1991, bls. 554, eins og vísað er til í Spaaij, 2006, bls. 77). Áhorfendur Liverpool og Everton voru fyrstu áhorfendurnir sem mættu reglulega og í hópum á útileiki en snemma á sjöunda áratugnum fengu aðdáendurnir nafnið „the Merseyside maniacs“ af fjölmiðlum, vegna þess hve miklum usla þeir ollu. Þeir ýttu einnig undir þróun hooliganisma með því að finna upp söngva sem smánaði bæði leikmenn og áhorfendur andstæðinganna. (Dunning o.fl., 2014). Það var ekki fyrr en árið 1966 þar sem fjölmiðlar fóru að fjalla um slagsmál á milli áhorfenda sem hooliganisma og fótboltabullur (Dunning, o.fl., 2014, bls. 165). Sama ár átti England að halda heimsmeistaramót í fótbolta, og stofnanir og fleiri reyndu að leysa þetta „vandamál“ sem var að fæðast áður en að heimsmeistaramótið færi í útsendingu um allan heim (Frosdick og Marsh, 2005).

Fjölmiðlar og fleiri höfðu miklar áhyggjur af því að hooliganismi myndi eyðileggja ímynd landsins erlendis (Williams, o.fl., 1986: 362-363, eins og vísað er til í Spaaij, 2006, bls. 78-79). Það var á þessum tíma þar sem hugtakið fékk heitið „enska veikin“ (e. *English disease*) (Spaaij, 2006; Frosdick og Marsh, 2005) Hooliganismi hélt áfram að vaxa og dafna á áttunda áratugnum í Englandi og slagsmál urðu meiri og grófari en áður fyrr. Auk þess urðu slagsmál á milli aðdáendahópa skipulagðari en áður fyrr (Dunning o.fl., 2014). Á þessum tíma var Enskur hooliganismi farinn að dreifast víða um Evrópu (Dunning o.fl., 2014: 177). Það var á þessum tíma þegar flestir fótboltavellir fóru að aðskilja andstæða aðdáendur í stúkuni með girðingum til að koma í veg fyrir slagsmál. Einnig var reynt að aðskilja aðdáendur fyrir utan völlinn (Giulianotti og Armstrong, 2002).

Sögulega hefur vandamálið helst tengst enskum fótboltaliðum sem spila í Evrópskum keppnum (Frosdick og Marsh, 2005). Árið 1985 hafði hooliganismi náð hápunkti en sama ár átti sér stað eitt alvarlegasta slys í sögu þess, sem olli miklum áhyggjum á alþjóðlegum skala (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 246-247). Þann 29. maí árið 1985 voru liðin Liverpool og Juventus að spila úrslitaleik í Evrópu bikarnum í Heysel í Belgíu. Slagsmál brutust út á milli aðdáenda Liverpool og Juventus þar sem gamall veggur hrundi í klíðunum sem olli því að 39 manns létu lífið og 600 manns slösuðust. Í dag atburðurinn þekktur sem Heysel harmleikurinn (Council of Europe, 2015). Helsta ástæðan fyrir Heysel harmleiknum var þó lélegt skipulagning og of gamall völlur, frekar en hooliganismi (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 23). Frá 1985-1990 voru ensk lið bönnuð frá því að spila í Evrópu vegna í raun vegna ofbeldis og eyðilegginga (Frosdick og Marsh, 2005). Í kjölfar þessa atburðar breyttust reglur á fótboltavöllum, nú átti að aðgreina andstæða aðdáendur, banna átti áfengi og einnig átti að banna hluti sem hægt var að nota sem vopn (Spaaij, 2006, bls. 76).

3 Fótbolta hooliganismi og áfengisneysla

Í þessum kafla verður skoðað hvort að áfengisneysla ýti undir hooliganisma, þar sem einblínt verður á erlendar rannsóknir. Mikilvægt er að skoða þessa umræðu frá báðum hliðum til þess að fá góðar niðurstöður. Áfengi er talið vera mikilvægt fyrir stuðningsmenn sem er athyglisvert að skoða, ásamt því verður fjallað um áfengistakmarkanir og hvort að þær gegni sínu hlutverki, sem er að koma í veg fyrir frávikshegðun á vellinum. Einnig verður skoðað karnival stuðningsmenn og hvernig þeir líkjast hugmyndinni um fótboltabullu.

3.1 Almennar rannsóknir á áfengisneyslu og hooliganisma

Samspil áfengisneyslu og hooliganisma hefur mikið verið skoðað í Bretlandi og í samhengi sem enskra stuðningsmanna. Algengar tilgátur hafa komið fram, um að áfengisneysla er aðal þátturinn í myndun hooliganisma, sérstaklega í Englandi (Pearson, 2012; Pearson og Sale, 2011). Hugmyndin í samfélaginu er sú að áfengi sé aðal áhrifavaldur hooliganisma og að það séu bein tengsl þar á milli (Purves o.fl., 2022; Rookwood og Spaaij, 2017; Dunning o.fl., 2014). Almennir fjölmiðlar hafa verið fljótir að tengja áfengisneyslu við ofbeldi á meðal stuðningsmanna, oft án þess að bera almennileg rök fyrir því (Varela, 2013). Þetta viðfangsefni hefur mikið verið skoðað og eru skiptar skoðanir á milli fræðimanna um hvort að áfengisneysla ýti undir hooliganisma eða ekki. Til eru rannsóknir sem sýna tengsl á milli áfengisneyslu og ofbeldishegðunar áhorfenda (Fortes, 2016; Fitzpatrick, 2015; Grove o.fl., 2012), en aðrar rannsóknir sem bera rök fyrir því að engin tengsl séu þar milli áfengisneyslu og ofbeldishegðunar áhorfenda (Bandura o.fl., 2023; Pearson og Sale, 2011; Frosdick og Marsh, 2005; Dunning, 1999). Áfengisneysla og árásarhneigð hafa einnig verið mikið skoðuð burtséð frá áhorfenda ofbeldi. Rannsókn eftir Cook og Durrance (2013) sýnir að áfengisneysla ýtir undir árásagjarna hegðun hjá fólki, þá ofbeldisfulla glæpi, eða jafnvel manndráp. Í rannsókn eftir Roberts og Benjamin (2000) var áfengisneysla skoðuð á íþróttaviðburðum í Norður-Ameríku. Mikil áfengissala er á viðburðum, jafnvel meiri en í Evrópu, en samt er minna um áhorfenda ofbeldi í Norður-Ameríku en í Evrópu (bls. 169). Það má taka inn í myndina mismunandi menningarlega þætti. Í Bandaríkjunum er opin áfengissala, t.d. á íshökkíleikjum, en þá er lítil hefð fyrir því að áhorfendur safnist saman á börum fyrir leik og neyti áfengis (bls. 169). Það má hins vegar færa rök fyrir því hvort að þessar niðurstöður tengist hooliganisma,

eins og Spaaij (2006) greindi frá, en hann sagði vera lítið um hooliganisma í Norður-Ameríku.

Í rannsókn eftir Grove o.fl. (2012) er greint frá því að áfengisneysla sé megin kveikjan á bakvið reiði stuðningsmanna sem ýtir undir ofbeldi. Áfengi er oft notað til þess að bæta upplifanir, með þeim afleiðingum að áhrif tilfinninga, sem eiga sér stað á íþróttaviðburðum, aukast. Mikil áfengisneysla auk annarra þátta, eins og mikill hávaði og fjölmennarkringumstæður, geta ýtt undir aukningu áhrifa slíkra tilfinninga sem hrindir af stað árásarhneigð meðal stuðningsmanna.

Pearson og Sale (2011) eru ósammála þeirri staðhæfingu um að áfengisneysla sé aðal orsök óreglu áhorfenda. Röksemdir um að áfengisneysla ýtir undir hooliganisma getur ekki útskýrt það af hverju aðrir menningarhópar, eins og Danir, Norðmenn og Skotar, drekka mikið áfengi en haga sér ekki á sama hátt. Þessar röksemdir útskýra ekki heldur aðstæður þar sem stuðningsmenn, sem ekki eru undir áhrifum áfengis, stunda keppnis ofbeldi (bls. 152). Dunning (1999) vill meina að ekki sé hægt að halda því fram að áfengisneysla sé eina orsök fótbolta hooliganisma, þar sem flestir sem drekka vilja ekki slást. Einnig má nefna að ekki eru allir hooliganar sem vilja drekka (bls. 139). Í Englandi eru sumir leiðtogar hooligana fylkinga sem vilja ekki drekka því þeir þurfa að geta gert skýrar tilskipanir og haft varann á ef lögreglan skildi koma (Rookwood og Spaaij, 2017; Dunning, o.fl., 2014; Dunning, 1999). Áfengisneysla ein og sér getur ekki útskýrt ofbeldishneigð sem á sér stað meðal íþróttáhorfenda. Það þarf að taka tillit til félagslegssálfræðilegra þátta sem eru nátengdir áfengi og/eða ofbeldi (Ostrowsky, 2014).

Erfitt er þó fyrir fræðimenn að horfa framhá áfengi, sem forsprakka ofbeldis áhorfenda. Á sama tíma gera þeir heldur ekki gera ráð fyrir að áfengi sé eina orsök ofbeldis á meðal aðdáenda. Samt sem áður eru margir þættir sem eru ekki nógu vel rannsakaðir þegar kemur að samspili áfengis og ofbeldi stuðningsmanna, þess vegna fáum við svona mismunandi niðurstöður (Ostrowsky, 2018). Sambandið á milli áfengisdrykkju og ofbeldis er flókið og oft eru sálfræðilegir þættir sem spila inn í (Ostrowsky, 2014). Það má einnig að taka inn í myndina að þó að hægt sé að halda því fram að áfengi getur haft áhrif á ofbeldishneigð, þá þýðir það ekki endilega að það endurspegli sambandið á milli áfengis og hooliganisma. Skilgreiningin á hooliganisma samkvæmt fræðimönnum er keppnisofbeldi, eins og nefnt var (Spaaij, 2006; Dunning, 2000). Dunning (1999) ásamt

Pearson og Sale (2011) færa bæði rök fyrir því að margir hooliganar vilja ekki einu sinni drekka, og það sé til þess að halda betri einbeitingu.

3.2 Áfengistakmarkanir á fótboltaviðburðum

Árið 1980 var ákveðið að banna áfengi, bæði sölu og neyslu þess, á fótboltaleikjum í Skotlandi. Svipuð löggjöf var gerð fram í Englandi og Wales, en þar var ákveðið að banna áfengi í kringum 1985. Hins vegar mátti fá undanþágu og leyfa áfengissölu með ákveðnum skilyrðum. Með þessu urðu til ný refsiverð brot sem gerði það ólöglegt að fara inn á fótboltavöll ölvaður, neyta áfengis í almenningssamgöngum eða einkabifreið sem tekur 8 farþega, fara með áfengi inn á völinn eða neyta áfengi í auglýsingu við grasflötin (Bandura o.fl., 2023; James, 2013; Pearson og Sale, 2011; Frostdick og Marsh, 2005). Þessi stefnumótun var drifin af pópolisma og siðafári frekar en af staðreyndum (Frostdick og Marsh, 2005, bls. 127). Þá hafa orðið framfarir í löggæsluaðferðum í Englandi og öðrum löndum þar sem hræðsla er við hooliganisma. Þó hefur lykilatriðið alltaf verið að takmarka áfengi og sölu þess (Pearson og Sale, 2011). Það ríkir mismunandi viðhorf gagnvart áfengis eftirliti og lögum eftir löndum, en einnig eftir íþróttum sem spilaðar eru í sama landi (Frostdick og Marsh, 2005). Knattspyrnuvirkni eins og FIFA og UEFA hafa einnig stutt takmarkanir á áfengissölu á leikvöngum, en annars skonar aðgerðir eru gjarnan notaðar, eins og í Englandi og Hollandi þar sem mikil hætta er á óreglu. Þá eru leikir til dæmis spilaðir fyrri part dags til að draga úr áfengisdrykkju stuðningsmanna (Pearson og Sale, 2011).

Fótbolti hefur breyst mikið félagslega og efnahagslega síðan á níunda áratugnum síðustu aldar, þegar áfengis takmarkanir voru settar fram. Hlutverk áfengis á fótboltaleikjum hefur verið mikið umdeilt í samfélaginu. Umræður um áfengistakmarkanir hafa þó tekið lítið tillit til sjónarmiða stuðningsmanna og fyrirbærið sjaldan verið skoðað út frá viðhorfi þeirra (Purves o.fl., 2022). Purves o.fl. (2022) framkvæmdu rannsókn þar sem skoðað var viðhorf stuðningsmanna til áfengistakmarka. Niðurstöður sýndu að viðhorf til áfengisneyslu í Bretlandi var mismunandi eftir þáttum eins og aldri, mætingartíðni og mismunandi áfengiseftirliti eins og í Englandi og Skotlandi. Þessar niðurstöður sýna þær umtalsverðu breytingar sem hafa orðið á upplifuninni að mæta á fótbolta leik í Bretlandi og fleiri löndum á síðustu 40 árum.

Etnógrafísk rannsókn eftir Pearson og Sale (2011) á enskum stuðningsmönnum sýndi fram á að áfengistakmarkanir höfðu lítil áhrif á áhorfenda ofbeldi, í sumum tilfellum meira að segja jókst m.a.s ofbeldi bæði innan og utan vallar. Ein afleiðing áfengistakmarkana á Englandi er sú að aðdáendur vita að ekki megi drekka áfengi á vellinum svo þeir stunda óhóflega drykkju utan hans. Þegar þeir mæta við innganginn rétt áður en leikurinn byrjar, þá myndast troðningur sem getur ýtt undir ofbeldishneigð. Þetta vandamál átti sér stað þegar enskir aðdáendur mættu á leiki á Ítalíu, þar sem heimamenn mættu oftast á völlinn klukkutíma fyrir leik. Hálfleikurinn er eini tíminn sem má drekka áfengi á vellinum, og afleiðing slíkra áfengistakmarkana, þar sem ekki má drekka áfengi í auglýsingu við grasflötinn, er sú að það myndast oft troðningur á meðal aðdáenda, bjór sullast og átök verða til á milli stuðningsmanna. Það má bera rök fyrir því að ef aðdáendur mættu drekka áfengi í sætum sínum þá væri minni troðningur í hálfleik sem myndi minnka líkur á átökum. Enn önnur afleiðing áfengis takmarkana er skortur á áfengisbyrgðum innan leikvallarins, sem þýðir að aðdáendur eru líklegri til þess að drekka á börum þar sem stuðningsmenn keppinauta eru, frekar en í aðskilningu á fótboltaleikvangi. Minna er um eftirlit á börum fyrir utan völlin, bæði lögreglueftirlit og eftirlitsmyndavélar, og er þá er erfiðara að koma í veg fyrir að óregla eigi sér stað. Rannsókn eftir Schaap o.fl. (2015) studdi við niðurstöður Pearson og Sale (2011) um að áfengistakmarkanir hafa öfug áhrif en ætlast er til. Áfengisbann getur hjálpað við að koma í veg fyrir slagsmál innan vallar en eykur á móti líkurnar á slagsmálum fyrir utan völlinn. Á sama tíma þá koma áfengistakmarkanir ekki í veg fyrir ölvun stuðningsmanna. Flestir vita að þeir geta ekki keypt áfengi á vellinum svo þeir drekka mikið magn utan vallar. Áfengisbann getur einnig ýtt undir meiri eiturfjfanotkun á fótboltaleikjum (Frosdick og Marsh, 2005).

Eins og nefnt var hér fyrir ofan þá er stundum haft leikina fyrir um daginn, sem er önnur aðferð notuð er, til að koma í veg fyrir ofurölvaða stuðningsmenn. Þetta hefur verið vinsælt í norður-Evrópu og þá sérstaklega þegar nágrennaslagir (e. *derby*)(tvö lið sem eru í sömu borg eða á sama svæði) eiga sér stað. Markmiðið með þessari aðferð er að koma í veg fyrir óreglu sem stafar af mikilli áfengisneyslu aðdáenda (Pearson og Sale, 2011, bls. 162). Rannsóknir hafa sýnt að það að hafa leiki fyrir á daginn sé árangursrík leið til að draga úr ofurölvun stuðningsmanna (Shcaap o.fl., 2015; Pearson og Sale, 2011). Þetta ber þó ekki alltaf árangur, þar sem sumir aðdáendur byrja í staðinn að drekka fyrir. Hins vegar minnst rannsakendur á að þessar niðurstöður endurspeglu ekki nágrennaslagi, en þá

skiptir litlu máli hvort að leikirnir eru haldnir fyrr eða síðar um daginn (Pearson og Sale, 2011).

3.3 Mikilvægi áfengis fyrir stuðningsmenn

Áfengi er mikilvægur þáttur í menningu aðdáenda á Bretlandi og öðrum löndum í Norður Evrópu. Rannsakendur telja að það er mjög eðlilegt að fá sér áfengi á fótboltaleik (Bandura o.fl., 2023; Pearson og Sale, 2011). Til að skilja betur áfengistakmarkanir í tengslum við hooliganisma er mikilvægt að skoða eftirsókn stuðningsmanna í áfengi. Það má skoða þessi fyrirbæri í samhengi við mismunandi svið fótbolta. Ein rannsókn hefur fjallað um þetta samband út frá veruháttarkenningu Bourdieu, en rannsóknin skoðar sambandið einungis út frá enskum stuðningsmönnum, þá erfitt er að segja til um hvort hooliganismi sé alþjóðlegt eða einungis enskt fyrirbæri (Bandura o.fl., 2023). Veruháttur vísar í samansafn af venjum og hegðunum sem einstaklingur þróar út frá reynslu sinni og umhverfi. Þetta er eitthvað sem einstaklingur tileinkar sér ásamt því að skapar einstaklingur umhverfi sitt (Bourdieu, 1977). Þetta samansafn af venjum verður hluti af því hvernig einstaklingurinn er og hefur áhrif á hvernig hann bregst við aðstæðum, oft ómeðvitað. Sameiginlegur veruháttur gengur út á hversu líkt auðmagnið (e. *capital*) er, hvort sem það er menningarlegt eða efnahagslegt auðmagn. Því líkara auðmagn sem einstaklingar búa yfir, því meira eiga þeir sameiginlegt. Einnig má segja að fólk sem elst upp í svipuðu umhverfi, eins og verkamannastéttir, hafa oft líkan veruhátt (Bourdieu, 1977; Costa og Murphy, 2015).

Fyrir marga enska stuðningsmenn er áfengi óaðskiljanlegur þáttur af upplifuninni, eins og nefnt var. Fótbolti án áfengis er óhugsandi fyrir margar, þar sem stuðningsmenn álíta áfengisæðið í kringum leikinn sem jafn mikilvægan þátt og leikurinn sjálfur. Einnig er drykkja fyrir og eftir leik álitin sem réttindi, ekki forréttindi (Pearson og Sale, 2011). Ásamt því er eftirlitsstefnan, sem á að takmarka áfengisneyslu á fótboltavöllum, yfirleitt sniðgengin (Pearson og Sale, 2011). Rannsókn eftir Bandura o.fl. (2023) sýndi að í Bretlandi hefur áfengisneysla verið stór þáttur í menningu verkamannastéttarinnar, þar sem margir fóru eftir vinnu að fá sér bjór. Fyrir margar stuðningsmenn er því veruháttur fólgin í neyslu áfengis í fótboltalegu samhengi. Stuðningsmenn tala um að þeir sækast frekar í að fara á barinn fyrir leik heldur en að stunda annars konar skemmtun eins og bío. Margir hafa einnig talað um að þeir séu prógrammaðir til að tengja fótbolta og

áfengisneyslu saman. Áfengi getur spilað mikilvægt hlutverk í að viðhalda félagslegum tengslum, vináttu og félagsskap. Innan fótoltasamhengis er drykkja álitin sem einstök aðferð til að viðhalda þessum tengslum (Bandura o.fl., 2023, bls. 6).

Þegar áhorfendamening fór að ná vinsældum á 19. öld þá var kráinn aðal staðurinn til þess að ræða um fótolta, t.d. úrslit leikja (Huggings, 2004, eins og vísað er til í Dixon, 2014). Í rannsókn eftir Dixon (2014) er talað um að kráin hafi alltaf verið mikilvægur partur af aðdáendaiðkunn þátttakenda. Eins og einn greindi frá: „að vera fótoltaaðdáandi óhjákvæmlega þýðir að fara á krá, drekka bjór og tala um fótolta með öðrum aðdáendum“. Þegar rannsakandi spurði af hverju það væri, þá svaraði þátttakandi: „Það er það sem náungar hafa alltaf gert. Þegar ég var krakki þá horfði ég á pabba minn fara á kránna með sínum fótoltafélögum. Við fyrsta tækifæri gerði ég hið sama.“ (bls. 388). Lengi vel hafa ríkt tengsl á milli enskra vínveitingarhúsa (e. *public house*) og fótolta. Kráin hefur verið staður til að lesa og tala um fótolta ásamt því að hitta kunningja áður en haldið er á fótoltaleik (Weed, 2007). „Kráin býður upp á stað þar sem hin heilaga þrenning áfengis, fótolta og tengsl karlmanna sameinast.“ (Weed, 2007, bls. 400). Hlutverk kráarinnar hefur breyst á síðustu árum. Kráin er ennþá mikilvægur þáttur í fótoltamenningunni en nú er hún orðin vettvangur til áhorfs fótolta í beinni (Weed, 2007). Flestir stuðningsmenn hafa uppáhalds krár til að horfa á fótolta. Ódýrasti bjórinn er ekki alltaf aðal ástæðan fyrir valinu, heldur spilar andrúmsloftið oft stórt hlutverk. Sumir sækjast í meiri læti á meðan aðrir í rólegheit, og það skiptir því máli hvaða félagsskap maður vill vera með (Dixon, 2014).

3.4 Fótolta karnival

Fyrir fótoltastuðningsmenn birtist hið karnivalíska (e. *carnavalesque*) á margívíslegan hátt, eins og opið og óformlegt félagslyndi, svívirðlegt orðalag, groddaralegt andrúmsloft, mikil ölvun og fyrir suma félagsleg óregla (Bandura o.fl., 2023). Karnival (e. *carnival*) hegðun fótolta stuðningsmanna er ekki nýtt fyrirbæri í rannsóknum fræðimanna, en á sama tíma það krefst frekari útskýringa. Fyrirbærið vekur áhuga í fótoltasamhengi vegna mikillar áherslu á drykkju og söng (Pearson, 2012; Giulianotti, 1991). Giulianotti var einn sá fyrsti sem byrjaði að skoða fótolta aðdáendur út frá karnival hugmyndum. Hann talaði um að: „Fótoltaleikir væru staðir fyrir tjáningu karnivalsins“ (Giulianotti, 1991, bls. 508, vitnað til í Pearson, 2012, bls. 40). „Það er viðeigandi að lýsa menningu þessara alþjóðlegra

aðdáenda erlendis með myndlíkingunni karnival“ (Giulianotti, 1995, bls. 194, vitnað til í Pearson, 2012, bls. 40). Þegar Pearson (2012) fór fyrst á vettvang til að rannsaka stuðningsmenn enska landsliðsins, sá hann karnival hegðun þeirra sem ógn, sérstaklega þar sem mannorð enskra aðdáenda var tengt við hooliganisma. Með tímanum varð honum hins vegar ljóst að þetta var svipuð karnival hegðun sem aðdáendur sýndu (bls. 59). Weed (2006) vill meina að það sé sameiginleg löngun aðdáenda til að taka þátt í karnival stemningu sem virðist hjálpa við aukningu fótboltabullna á alþjóðlegum stórmótum (bls. 89). Fjölmiðlar hafa gjarnan ruglað þessum menningarkima við hooliganisma (Pearson, 2012, bls. 38), en það er kannski ekki skrítið þar sem þessir menningarkimar virðast vera líkir á yfirborðinu. Ásamt neikvæðri umfjöllun í fjölmiðlum, hefur lögreglan beitt hörku á miðalusa aðdáendur sem sönnunargögn um hooliganisma (Pearson, 2012). Þessi undirkafla byggir mest á vettvangsrannsókn Pearson, þar sem hún inniheldur bæði mikla þekkingu ásamt því að endurspegla fótbolta aðdáun best í nútímasamfélagi.

Fræðimenn byggja umfjöllunina á hugtakinu karnivalíska, sem kemur frá rússneskum bókmenntafræðingi að nafni Mikhail Bakhtin. Karnivalið gengdi mikilvægu hlutverki fyrir fólk á miðöldum, þar sem það gat verið frjálst og upplifað annars konar líf sem innihélt ekki erfiðleika og kúgun frá yfirvaldi. Karnivalið var ekki áþreifanlegt fyrirbæri heldur lifði fólk og upplifaði karnivalið. Þegar hátíðin var í gangi þá var ekkert annað líf fyrir utan það. Þegar karnivalið átti sér stað þá var stigveldið lagt niður (Bakhtin, 1984). Burke (1978) skoðaði einnig hugtakið karnival út frá hugmyndum Evrópu eftir miðaldir (e. *post-medieval Europe*). Karnival tímabilið hófst í janúar, en stundum í lok desember. Það átti sér yfirleitt í stað í miðpunkti borga og oft við merkilegar byggingar, t.d. á Markúsartorginu í Feneyjum (bls. 182). Hátíðin hafði þó ekki sama mikilvægi allstaðar um Evrópu. Í suður Evrópu var hún vinsæl, nokkuð vinsælt í mið Evrópu og í norður Evrópu, en í Englandi og Skandinavíu var lítið um karnival, líklegast vegna þess að veðrið bauð ekki upp á slíkt (bls. 191). Fyrir suma var reynslan talin vera heilög, þar sem hægt var að beita tjáningafrelsi og flýja erfiðleika hversdagsleikans. Fólk stundaði mikla drykkju, og söng og dansaði. Þá voru þrjú aðal þemu karnivals, matur, kynlíf og ofbeldi, sem bæði voru raunveruleg og táknræn. Matur var mikilvægur þáttur hátíðarinnar, þá sérstaklega kjöt. Kynlíf var einnig mjög táknrænt atriði, jafnvel meira en matur. Karnival var hátíð ástríðufulls kynlífs, þar sem margt snerist um kynferðislega spennu. Ásamt mat og kynlífi var mikið lagt upp úr

árásargirni, eyðileggingum og niðurlægningum. Ofbeldið, eins og kynlífið, varð meira og minna hluti af helgisiðunum (bls. 186).

Margir enskir stuðningsmenn fá þeir að tjá karnivalíska tjáningu bæði á heima- og útileikjum, hvort sem það er í Englandi eða í útlöndum. Eitt helsta sameiningartákn aðdáenda er löngunin til að yfirgefa hið hversdagslega og reyna að skapa líkamlegt, sálrænt og félagslegt rými sem einhvers skonar útgáfu af karnival. Fyrir marga var þetta mikilvægur þáttur til að styðja eigið lið. Flestir aðdáendur upplifðu þó fótbolta áhorfin sem aukaatriði, skemmtunin skipti þeim meira máli. Þegar átti að ferðast á alþjóðlegmót mættu margir enskir stuðningsmenn miðalausir, og þá var aldrei ætlunin að komast inn á völlinn til að byrja með (Pearson, 2012, bls. 38). Pearson (2012) dvaldi á vettvangi með stuðningsmönnum enska landsliðsins á heimsmeistaramótinu í Frakklandi árið 1998. Tveimur dögum fyrir fyrsta leik var mikil drykkja á stuðningsmönnum Englands. Flestir barir í nágrenninu voru troðfullir, og þar voru margir sem gátu varla gengið, og sumir lágu meðvitundarlausir á götunni vegna of mikillar drykkju. Fánar Englands voru hængui á hótél gluggum og börum. Einnig voru sumir sem hæddust að Frökkum og sungu: „Ef það ekki fyrir Englendinga, þá væru þið þjóðverjar“. Sem er bein tilvitnun í atburði seinni heimstyrjaldar (Pearson, 2012, bls. 59). Aðal hvatinn fyrir ferðalagi aðdáenda var að endurskapa karnival stemningu eins og voru áður í Evrópu (Pearson, 2012, bls. 41). Áfengi er mikilvægur þáttur í karnival stemningu stuðningsmanna. Þegar Manchester United aðdáendur ferðuðust á úti leiki þá var mikilvægast að finna góðan bar. Þetta gat verið hættulegt verkefni ef lítil þekking var á svæðinu (Pearson, 2012, bls. 50). Í sumum borgum, eins og Róm, Moskvu og Istanbúl, voru United aðdáendur óvelkomnir. Þá var mikilvægt að halda sér saman í stórum hópum svo að þeir myndu ekki lenda í slagsmálum við heimamenn, sem oft voru fótboltabullur (Pearson, 2012, bls. 54).

Giulianotti heldur því fram að karnivalíska geti bara verið stunduð vegna þess að yfirvöld búa til rými fyrir stemningu (Giulianotti, 1995, bls. 194, vitnað til í Pearson, 2012, bls. 41). Skoskir aðdáendur beita valdi sem takmarkar sjálfsprotna hegðun karnivalsins (Giulianotti, 1991, bls. 511, eins og vitnað er til í Pearson, 2012, bls. 41), sem er ekki hægt að líkja við hið fullkomna karnival, eins og fjallað var um fyrr í undirkaflanum (Giulianotti, 1995, bls. 518, vitnað til í Pearson, 2012, bls. 41). Einnig benti hann á að yfirvöld eyðilögðu kjarna karnivalsins með of miklu eftirliti á ákveðnum aðdáendasvæðum (e. *fan zones*).

Aðdáendur gætu því ekki snúið við reglum samfélagsins líkt og í karnivölum áður fyrr (Giulianotti, 1991, bls. 520, vitnað til í Pearson, 2012, bls. 41), eins og í hefðbundnum Evrópskum karnivölum á miðöldum (Bakhtin, 1984; Burke, 1978). Ekki eru allir sammála þessum staðhæfingum hjá Giulianotti. Pearson (2012) vill meina að hægt sé að búa til karnival stemningu jafnvel þó það séu fáir stuðningsmenn sem taka þátt, áfengisbann og mikið félagslegt eftirlit, eða fótboltabullur viðstaddar. Fyrir marga þátttakendur rannsóknarinnar var ofbeldi mikilvægur þáttur í fótboltaupplifuninni (bls. 41). Samkvæmt rannsókn Pearson (2012) snýst árangursrík karnival stemning ekki um útbúið rými af yfirvöldum, skrúðgöngu stuðningsmanna á völlinn, litasýning eða jafnvel að stór fjöldi aðdáenda safnist saman. Fyrir áhorfendum var vel heppnuð karnival stemning getan til þess að flýja hversdagsleikann eins og nefnt var. Karnivalið væri betra ef að þjóðfélagshópurinn væri stór og lítil bæling ætti sér stað frá yfirvöldum (bls. 41-42). Hann vill einnig meina að það sé misvísandi að fara fram á að allir aðdáendur Manchester United vilja endurskapa karnival stemningu. Niðurstöðurnar voru hins vegar öfugar þegar kom að stuðningsmönnum enska landsliðsins, en þá voru karnival aðdáendur algengastir (bls. 60).

4 Fótbolta hooliganismi og fjölmiðlar

Í þessum kafla verður skoðað hvernig fjölmiðla umfjöllunin um hooliganisma er. Það verður skoðað fyrirbærið út frá kenningarlegum nálgunum, dagskráráhrifum og siðafári. Einnig verður birtingarmynd hooliganisma í fjölmiðlum skoðuð ásamt því hvernig fjallað er um fyrirbærið í enskum miðlum. Mest allt fræðiefni sem til er skoðar þetta fyrirbæri aðallega út frá ensku sjónarhorni. Lítið er um alþjóðlegar rannsóknir á þessu máli.

4.1 Kenningarleg nálgun

Fyrirbærið fjölmiðill nær yfir fáeina þætti: sjónvarp, útvarp, kvikmyndir, dagblöð, tímarit, myndasögubækur, tónlistarupptökur, bækur og rafrænir miðlar. Sumir fjölmiðlar, eins og sjónvarp, ná til gífurlega stórs hóps fótboldastuðningsmanna, á meðan aðrir miðlar laða að minni hóp áhorfenda. Það sem flestir fjölmiðlar eiga sameiginlegt eru samskipti og að reyna að koma skilaboðum áleiðis til áhorfenda. Í samskiptum á vegum fjölmiðla flytur sendandi skilaboð, í gegnum tiltekinn miðil, til eins eða fleiri viðtakenda (Goode og Ben-Yahuda, 2009, bls. 92).

Dagskráráhrif er ferli sem felur í sér að fjölmiðlar eru sífellt að kynna ákveðin málefni með þeim afleiðingum að stór hluti almennings lítur á þessi viðfangsefni sem mikilvægari en önnur. Því meiri umfjöllun sem viðfangsefni fær, því mikilvægara verður það fyrir almenningi (Coleman o.fl., 2009, bls. 147). Dagblöð, tímarit, útvarp og sjónvarp geta einungis birt takmarkað magn af fréttum yfir sólarhring, svo það er aðeins hægt að fjalla um brot af fréttum dagsins. Það er því ekki mikið rými fyrir almennari málefni, sem leiðir til þess að athygli almennings beinist aðeins að nokkrum málefnum sem haldin eru uppi sem mikilvæg (Coleman o.fl., 2009, bls. 148). Kjarnahugmyndin um dagskráráhrifin snýst um að fjölmiðlar gefi til kynna til almennings, hver helstu málefni dagsins eru og það endurspeglast svo í athöfnum fólks (McQuail, 2010). Þeir Maxwell McCombs og Donalds Shaw (1972) komu upprunalega fram með dagskrárkenninguna. Þeir vildu skoða hvernig dagskráráhrif fjölmiðla höfðu áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 1968. Rannsóknin fór fram í Chapel Hill þar sem viðhorf almennings var rannsakað, en í rannsókninni var næstum fullkomin fylgni. Kenningin um dagskráráhrif hefur reynst vera bæði djúp og víðtæk, þar sem hún hefur verið vigðeigandi í meira en 30 ár (Coleman o.fl., 2009, bls. 147). Lang og Lang (1983) komu með sex skrefa þróunarferli sem fjölmiðlar nota til þess að móta dagskráráhrif. Í fyrsta lagi þá beina fjölmiðlar athygli að ákveðnum

málefnum. Svo krefjast mismunandi málefni mismikla umfjöllun til að verða meira áberandi. Fyrir fjölmiðla er þörf á að ramma inn málefnið svo að neytendur hafi skilning. Yfirleitt kemur það fram í birtingarmynd vandamála eða tengist áhyggjum. Í fjórða lagi hefur tungumálið sem notað er til þess að lýsa atburði áhrif á skilning almennings. Þá tengja fjölmiðlar málefni sem hafa fengið mikla umfjöllun við afleidd tákni sem næstum allir geta borið kennsl á. Svo að lokum verður mikil aukning á dagskráráhrifum þegar þekktir einstaklingar fara að tjá sig um málefnið. Árangur þeirra stafar af getu þeirra til þess að ná til fjölmiðla (bls. 59-60)

Cohen kynnti hugtakið siðafár sem felur í sér að lýsa viðbrögðum fjölmiðla, almennings og stjórnmalafólks við ónæði ungmenna (Goode og Ben-Yehuda, 2009, bls. 23; Cohen, 2011). Það tengist ekki aðeins frávikshegðun ungs fólks eins og fjallað er um. Dýpri lýsing á siðafári eftir Cohen er: ástand, atvik, manneskja eða hópur einstaklinga sem skilgreind eru sem ógn við samfélagsleg gildi og hagsmuni. Birtingarmyndir siðafárs eru settar fram á staðlaðan hátt í fjölmiðlum (Cohen, 2011, bls. 1). Ritstjórar, stjórnmalamenn og aðrir einstaklingar samfélagsins stjórna þessari siðafárs „umræðu“. Þá eru þá þróaðar leiðir til að takast á við atvikið, ástandið versnar og verður sýnilegra. Stundum er viðfangsefnið nýlegt ástand en einnig getur það verið eitthvað sem hefur verið til lengi, en birtist skyndilega í sviðsljósinu (Cohen, 2011, bls. 1) Það getur haft alvarlegar afleiðingar og gæti valdið breytingum í laga- og félagsmálastofnun eða viðhorfi samfélagsins til sjálft sig (Cohen, 2011, bls. 1) Sem dæmi má nefna ofbeldi áhorfenda, það var lítið fjallað um það þangað til fjölmiðlar voru sentir á fótboltaleik (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 113). Goode og Ben-Yehuda (2009) nefna að stundum kemur það upp að samfélög verða fyrir siðafári. Þá er tiltekið fyrirbæri, hvort það sé hópur af einstaklingum eða eitthvað annað, talið bera svo mikla illsku að það hefur særandi áhrif á samfélagið. Ógnin sem þessi illska stafar af er talin vvalda krísuástandi í samfélaginu. Þá þarf að hafa hraðar hendur til þess að takast á við vandamálið annars er talið að samfélagið verði fyrir alvarlegum afleiðingum. Þegar siðafár á sér stað er fyrirbærið eða hópurinn sem stimplaður hefur verið sem neikvæður af samfélaginu, talinn geta haft skaðleg áhrif á velferð, gildi og hagsmuni samfélagsins (Goode og Ben-Yehuda, 2009, bls. 35). Þessir gerendur eða meintir gerendur eru stundum kallaðir þjóðarskelfir (e. *folk devil*) (Cohen, 2002).

Siðafár verður yfirleitt til út frá munnlegum sögusögnum, en það eru fjölmiðlar sem oft viðurkenna þær, sem ýtir undir siðafárið í samfélaginu. Fjölmiðlar, sem greina frá siðarfárssögum, eru oft æsifréttablöð (e. *tabloids*) eins og *Weekly World News*, *Globe* og *Sun*. Fjölmiðlar eru sjálfstæð birtingarmynd siðafárs, þar sem þeir miðla fram „vandamálum“ sem ýta oft undir almennings hræðslu. Það má segja að fjölmiðlar þrífast á samfélagslegu siðafári. Tilfinningin sem fjölmiðlar skapa á meðal almennings selur blöð, skemmtir lesendum og skapar fleiri fréttir eftir því sem frávíkshæðunin þróast (Goode og Ben-Yehuda, 2009, bls. 90). Í Bretlandi hefur ýmis skonar menning ungmenna (e. *youth culture*) verið endurtekin tegund siðafárs, sem nær aftur til seinni heimstyrjaldar. Þessir menningarkimar hafa lengi verið tengdir við ofbeldi og frávíkshæðun. Dæmi um þessa hópa eru *Teddy boys*, *Mods* og *Rockers*, *Hells Angels*, „*skinheads*“ og hippar. Þá eiga sér stað samhliða viðbrögð við öðrum þáttum eins og fíkniefnavandanum, fótboltabullum, ýmis skonar skemmdarverkum, glæpum og ofbeldi (Cohen, 2011, bls. 2).

4.2 Dagskrárhreif, siðafár og hooliganismi

Siðafár vegna hooliganisma hefur ýtt undir sölu blaða, sem var mikilvægur þáttur í að gera iðnaðinn samkeppnishæfari. Vinsælustu blöðin fjölluðu sífelld meira um atvik með tilkomumiklum hætti, oft með hernaðarlegum málflutningi, til dæmis með því að „lýsa fótboltabullum stríð á hendur“ o.fl. (Murphy, o.fl., 1990, bls. 121). Breytingar hafa orðið á fréttáflutning eftir fimmta áratug þar sem oft var minni áhersla lögð á ítarlegt efni og meiri áhersla á fréttarefni sem vekur athygli (Dunning, o.fl., 2014). Fjölmiðlar leitast stöðugt eftir áhrifamestu sögunni, venjulega undir þeirri gömlu reglu að slæmar fréttir séu góðar fréttir. Þetta gefur til kynna að átök ráði yfirleitt dagskrá fjölmiðla. Sem dæmi grípur umfjöllun um þýska og breska stuðningsmenn á bar, þar sem ekkert ofbeldi á sér stað ekki mikla athygli (Poultron, 2005, bls. 41). Þeir vilja frekar grípanði forsíður þar sem slíkt nær athygli fólks (Poultron, 2005, bls. 40). Fréttaskýrslur eru venjulega ekki hlutlausar, því í umfjölluninni spila inn mismunandi þættir, eins og hvaða atburði á að tilkynna, hverju á að sleppa, hvaða hlið atburðarins á að tilkynna, svo kemur kynningarferli þar sem velja þarf fyrirsögn, myndmál, málfar og ljósmyndir (Hall, 1978, bls. 34, eins og vitnað er til í Poultron, 2005, bls. 31). Umfjöllunin um hooliganisma er umdeild og villandi í eðli sínu. Fréttáöflun getur stuðlað að aukningu hooliganisma sem félagslegt vandamál að mestu leyti með því að bæla niður hvers eðlis vandamálið er í raun

og veru, sérstaklega í kringum stórmót (Poultron, 2005, bls. 32). Ímynd og orðspor fótboltastuðningsmanna getur skaðast vegna áhuga fjölmiðlanna á að fjalla um hooliganisma sem „félagslegt vandamál“ (Poultron, 2005, bls. 33). Fjölmiðlar þjóna hins vegar þeirri samfélagslegri skyldu að skilgreina fyrir almenningi hvað hooliganismi er, en ekki er hugað að smáatriðum eða staðreyndum almennt. Til dæmi er oft ekki gerður greinamunur á hvort að atvik séu fyrirfram skipulögð eða sjálfsprottin. Einnig er horft framhjá tímasetningu og staðsetningu átakanna, eða hvort um var að ræða munnlegt- eða líkamlegt ofbeldi, tjón eða mannfall. Það virðist sem svo að þeir sýna heldur ekki öllum áhorfenda átökum jafn mikinn áhuga. Ef að skipulagt ofbeldi á sér stað langt frá leikvangi og eftirlitsmyndavélum þá er minni áhugi á að fjalla um atvikið í fréttamiðlum (Poultron, 2002, bls. 123).

Eins og farið var yfir fyrr í textanum fjölluðu Lang og Lang (1983) almennt um hvernig fjölmiðlar móta dagskrárhöfin. Poultron (2005) notar sömu skref til að skoða hvernig dagskrárhöfin myndast í samhengi um fótbolta hooliganisma. Í byrjun sjáum við hvernig fjölmiðlar fjalla um ákveðin atvik af fótboltaöskun, það er yfirleitt eitthvað sem er spennandi. Svo eiga fjölmiðlar til að auka og draga úr viðfangsefninu, sem þar af leiðandi endurspeglar mismikla umfjöllun. Svo er fótbolta hooliganismi útskýrður á mjög einfaldaðan hátt svo að neytendur eigi auðveldara með að skilja (Poultron, 2005, bls. 41). Fjölmiðlar fjalla einnig um hooliganisma á hrottalegan og einfaldislegan hátt (Hall, 1978, bls. 36, eins og vísað er til í Poultron, 2005, bls. 41). Í fjórða lagi er notað ákveðið orðalag til þess að lýsa fótboltabullum og óreglunni. Það er gert með því að tengja saman fyrri atvik ásamt því að spá fyrir um framtíðar atvik, þá geta fjölmiðlar staðsett hooliganisma sem áberandi umfjöllunarefni sem almenningur getur greint frá. Þetta heldur viðbrögðum almennings lifandi. Svo að lokum er aukið á dagskrárhöfinum með því að fá þekkt einstaklinga, eins og stjórnáamenn, knattspyrnumenn eða umsjónarmenn til þess að tala um hooliganisma (Poultron, 2005, bls. 41). Dagskrá fjölmiðla mun nánast alltaf samanstanda af ríkjandi fréttagildum og það er hvað nær að grípa athygli almennings (Poultron, 2005, bls. 41). „Þessi ríkjandi fréttagildi hafa tilhneigingu til að endurspegla almennt markmið fjölmiðla að veita neytendum upplýsinga afþreyingu“ (Whannel, 1992, eins og vísað er til í Poultron, 2005, bls. 41).

Í Englandi hefur verið mikið siðafár vegna hooliganisma síðan á sjöunda áratug síðustu aldar. Þetta var álitnið stórt, samfélagslegt vandamál og ógn við ímynd landsins (Spaij,

2006). Vandamálið liggur í afneitun enskra fjölmiðla á þeim sem mynda stuðningsmannahóp Englands. Þessir aðdáendur eru ástríðufullir karlmenn, í auknum mæli konur líka, sem fylgja liði sínu og hafa mun meiri tilhneigingu til kynþáttafordóma eða ofbeldi (Poultron, 2005, bls. 42). Samt sem áður eru það þessir aðdáendur sem gleymast í dagskráráhrifum og ríkjandi fréttagildum fjölmiðla. Aðdáendamening í Englandi er flekkuð og eru stuðningsmenn álitnir hugsanlega hættulegir og ógnandi, í öðrum orðum, sem fótboltabullur (Poultron, 2005, bls. 42). Stjórnámálemenn og almenningur í Hollandi höfðu áhyggjur að hooliganismi gæti eyðilagt ímynd landsins á alþjóðaskala, þessar áhyggjur voru endurspegladar í fjölmiðlum (Spaaij, 2006, bls. 97). Á Spáni þegar Franco stjórnin réði yfir þá seinnkaði uppkoma erlendra menningar vegna einangrunnar og takmörkun fjölmiðla (Spaaij, 2006, bls. 107). Í kjölfar Heysel harmleiksins þá fóru spænskir fjölmiðlar að greina frá fyrirbærinu í auknum mæli, haldið hefur verið fram að umfjöllunin hafi verið ýkt en á sama tíma hafi tíðni áhorfenda ofbeldis aukist á þessum tíma (Spaaij, 2006, bls. 107). Þetta dæmi sýnir hve mikil hræðsla er í samfélaginu gagnvart fótboltabullum, með mikilli hjálp frá fjölmiðlum. Whannel lýsir því hvernig fótboltabullur eru orðin þjóðarskelfir nútímasamfélaga: „Stofnun nýs þjóðarskelfis leiðir til siðarfárs í samfélaginu ... Framtíðar atvik birtast þá innan ramma siðarfársins sem vísbinding um æði, sem er í sjálfu sér sífellt frétt næmari“ (Whannel, 1979, bls. 333, eins og vísað er til í Poultron, 2005, bls. 35).

4.3 Birtingarmyndir hooliganisma í fjölmiðlum

Fótbolta hooliganismi er tiltölulega auðvelt skotmark fyrir fjölmiðla (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 113). Algengt er að hooliganismi er fordæmdur í fjölmiðlum sem gerir það að verkum að fyrirbærinu er sett fram sem mun meiri áhyggjuefni, en það lýsir sér er í raun og veru. Þetta gefur samfélaginu þær hugmyndir um að þetta sé félagslegt vandamál (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 113-114). Blaðamönnum og myndavélum hefur fjölgað á fótoltaleikvöngum, sem kemur enn frekar í veg fyrir, að þeir missi af athugaverðu atviki sem gæti átt sér stað á vellinum. Blaðamenn hafa þó verið sendir á fótoltavelli allt til sjötta áratugs síðustu aldar, og greina þeir frá hegðun mannfjöldans, ekki bara frá leikinum sjálfum (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 113). Á þessu tímabili hófst fréttaumfjöllun um hooliganisma eins og við þekkjum hann í dag, en þá var mikil hræðsla á meðal almennings vegna vaxandi glæpa og ofbeldis á meðal ungra karlanna.

Fjölmiðlar fóru í auknum mæli að fjalla um sögur af þessu tagi og fótboldaleikir var augljós staður til þess að finna slík atvik (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 114-115). Í aðdraganda heimsmeistaramótsins í Englandi, um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar, lýstu fjölmiðlar yfir viðvörunum um hvernig fótboldabullur gætu eyðilagt mótið. Hooliganismi var lítið viðvarandi á mótinu sjálfu en þó hélt siðafárið, eða umfjöllun þess, áfram að aukast (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 114-115; Murphy o.fl., 1990, bls. 119). Á áttunda áratugnum fóru fyrirsagnir æsifréttablaða að fjalla um alvarlegri aðgerðir gegn hooliganisma, og þá oft á niðrandi hátt, til dæmis með því að kalla þá skeppnur. Yfirvöld fóru að svara kröfum fréttablaðanna á níunda áratugnum og stigu meira inn í málið, sérstaklega eftir Heysel harmleikinn sem fjallað var um í fyrri kafla. Hins vegar var ekki hugað að langtímasýn aðgerðanna, og lítið breyttist við bælingu óeitra, það má færa rök fyrir því að ástandið hafi versnað. Umfjöllun um hooliganisma kemur ennþá oft fram í fréttamiðlum nú til dags (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 115).

Fjölmiðlar áttu þátt í að örva og móta stefnu fótbolda hooliganisma með því að skilgreina fótboldaviðburði og leikvanga sem vettvang til að beita ofbeldi. Þessi lýsing á fótbolda sem stað fyrir slagsmál og annað hefur ýtt undir meiri eftirsókn ungra karlmannna, þar sem margir þeirra hafa þörf á að tjá árásgjarna karlmennsku. Ummerki hafa sýnt að umfjöllun fjölmiðla stuðli að stigmögnun hooliganisma (Murphy o.fl., 1990, bls. 122). Stuðningsmaður Chelsea sem var sakfelldur fyrir að hafa á sér rakvélablað, áður en farið var á leik, greindi frá í réttarsalnum að hann hafi lesið um West Ham aðdáendur ætluðu að valda usla (Murphy o.fl., 1990, bls. 122). Það má einnig segja að umfjöllunin um fótboldabullur í fjölmiðlum stigmagnast ef að enskt lið eða landsliðið á að spila erlendis (Poultron, 2005, bls. 31).

Það eru mörg vandamál tengd birtingarmyndum hugtaksins hooliganisma þar sem fyrirbærið hefur ekki hlutlausa merkingu í samfélaginu. Fjölmiðlar eru ekki gagnrýdnir fyrir að stýra því hvernig ímynd hooliganisma birtist, sem ræður birtingarmynd fótboldabullna. Þetta leiðir til þess að gripið er til ráðstafanna sem á að koma í veg fyrir hooliganisma. Slíkar ráðstafanir byggja hins vegar oft byggðar á þeim forsendum að það sé bara ein tegund af stuðningsmanna menningu (Radmann, 2014, bls. 548-549). Það er ljóst að það eru ekki allir fótboldaáðdáendur sköllóttir, með bjórbumbu, útataðir í húðflúrum, ölvaðir og róstusamir ungir karlmenn. Áhugavert er að flestar fótboldabullur falla ekki undir þessa

skilgreiningu þrátt fyrir að þetta algeng ímynd og öðrum stuðningsmönnum, sem lögreglan telur vera óeirðaseggi. Þetta er ákveðin staðalímynd sem fjölmiðlar hjálpa til við að smíða (Poultron, 2002, bls. 122) en það sem oft ögrar þessum staðalímyndum fjölmiðla er sú afhjúpun að aðdáendur og fótboltabullur eru alveg eins líklegir til þess að vera fínt klæddir, miðaldra fagmenn, en margir hafa hár og enga bjórbumbu (Poultron, 2002, bls. 122-123). Það getur verið vafasamt fyrir fréttamenn að búa til stílhreina skilgreiningu um hvað felst í að vera fótboltastuðningsmaður í nútímasamfélagi (Poultron, 2002, bls. 123). Fréttamenn nota fótboltabullur sem blóraböggul, með því að nota orð eins og óæðri, glórulaus og hálfvitar er verið að horfa framhjá dýpri orsakapáttum og félagslegum rótum sem gætu skýrt vandamálið (Poultron, 2002, bls. 126).

4.3.1 Enskar fótboltabullur í fjölmiðlum

Í enskum fjölmiðlum er mikið um fordómafulla framsetningu af ímynd enskra stuðningsmanna, en þá er ekki aðeins verið tala um þá sem skilgreina sig sem fótboltabullur, heldur einnig þá sem vilja bara styðja liðið sitt. Fjölmiðlar einblína lítið á fyrirmyndarhegðun yfirgnæfandi meirihluta, eða uppbyggilegum leiðum til þess að bæta neikvæða ímynd stuðningsmanna Englands (Poultron, 2005, bls. 40). Enskir aðdáendur fá oft á sig neikvæðan stimpil í fjölmiðlum, ef að frávikshegðun á sér stað í nágrenni við leikvang (Poultron, bls. 123). Þá mistekst oft að greina á milli stuðningsmannahópa Englands, sem leiðir til ranga framsteningu á yfirgnæfandi meirihluta og munur á ofbeldisfullum og ofbeldislausum stuðningsmönnum í umfjöllun fjölmiðla. Þetta gerir það að verkum að meirihluti stuðningsmanna sem sækist ekki í ofbeldi missir auðkenni sitt og er stimplaður sem fótboltabullur (Poultron, 2005, bls. 124). Fjölmiðlar gætu gengt jákvæðara hlutverki, til dæmis ef að frétttaflutningur á leikjum enska landsliðsins eða félagsliða stuðlar að hófsamara frekar en hávaðasömu andrúmslofti. Þetta gæti hjálpað til við að koma í veg fyrir hugmyndir, sem snúast um að beita ofbeldi á eða fyrir utan leikvang (Poultron, 2005, bls. 137). Það gæti einnig hjálpað að hætta að fjalla um alla fótboltastuðningsmenn sem einsleitan hóp. Það er einnig ekki gagnlegt að kalla enska stuðningsmenn öllum illum nöfnum í fréttamiðlum. Jöfn umfjöllunar nálgun gagnvart stuðningsmönnum þarf að eiga sér stað í fjölmiðlum, frekar en að saka alla sem fótboltabullur (Poultron, 2005, bls. 137).

5 Hooliganismi á Norðurlöndum

Á Norðurlöndunum hefur fótbolti spilað mikilvægt hlutverk í uppbyggingu samfélagsins. Í þessum samfélögum er fótbolti í raun blanda af sjálfböðarvinnu og viðskiptarstefnu sem hefur sögulegar rætur í að bæta velferð samfélagsins. Sem dæmi hafa Norðurlöndin stutt við áhugamennsku í íþróttum lengur en flestar aðrar þjóðir, en hins vegar þá hefur fótboltinn í orðurlöndum mætt aukinni atvinnu- og markaðsvæðingu í kjölfar vaxandi alþjóðarvæðingu (Andersson og Carlsson, 2009, bls. 299). Lítið er vitað um stuðningsmannameninguna á Norðurlöndum fyrir áttunda áratug síðustu aldar. Ekki eru til nægilegar heimildir sem gera almennilega grein fyrir því hvernig menningin var áður fyrir (Radmann o.fl., 2023, bls. 82). Með hnattvæðingunni urðu Norðurlöndin undir miklum áhrifum frá vestrænum fótbolta. Frá upphafi tuttugustu aldar vöktu enskir fótboltaleikir mikinn áhuga, þar sem meiri atvinnumennska var þar (Radmann o.fl., 2023, bls. 87). Á áttunda áratugnum fóru margir Norðurlandabúar að styðja eingöngu ensk lið í staðinn fyrir félagsliðin á heimaslóðum (Radmann o.fl., 2023, bls. 87; Andersson og Hognestad, 2019, bls. 708). Ein skýring þess af hverju fólk fór að fylgjast meira með enska boltanum var út af hærri kröfum og spennu (Andersson og Hognestad, 2019, bls. 708) en einnig vegna þess að enski boltinn var sýndur í beinni fyrst í kringum 1969 (Radmann o.fl., 2023, bls. 87). Á enskum fótboltaleikjum var líflegt andrúmsloft og mikill hávaði sem margir sóttust í. Þessa upplifun var ekki að finna á Norðurlöndum, sem er því ástæðan þess af hverju margir vildu frekar styðja ensk lið (Andersson og Hognestad, 2019, bls. 708). Í stærri borgum eins og Stokkhólmi og Gautaborg fór að myndast félagslegt ritúal að hittast á börum fyrir og eftir fótboltaleiki. Þetta kemur frá enskri þjóðmenningu í kringum fótboltaleiki (Armstrong og Hognestad, 2006, eins og vitnað er til í Andersson og Hognestad, 2019, bls. 708). Það mætti segja að enskur fótbolti tæmði innlendu áhorfendameningu Norðurlanda, en á sama tíma ýtt undir endurvakningu. Haustið 1970 komu stuðningsmenn Hammarby, í Svíþjóð, saman á krá með það markmið að syngja í stúkunni, með miklum innblæstri frá enskum stuðningsmönnum. Þeir náðu árangri með þessari stemningu og þjuggu til fjölmiðlaviðburð. Með þessu fæddist ákveðin aðdáendamening og stuðningsmenn Hammarby fóru í auknum mæli að mæta á útileiki (Radmann, 2023, bls. 87-88).

Fótbolta menningin á Norðurlöndum hefur verið frekar samkvæm. Það mætti segja að stuðningsmannameningin hafi verið talin friðsæl þar sem mjög fá alvarleg atvik

hooliganisma eiga sér stað. Hooliganismi á Norðurlöndunum á sér þá aðallega stað hjá aðdáendum félagsliða frekar en hjá aðdáendum landsliðanna (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 68).

5.1 Danmörk

Í Danmörku um miðjan níunda áratug síðustu aldar komu fram tvær mjög ólíkar gerðir af stuðningsmanna menningu. Það voru Roligans og svo fótboltabullur sem fengu mikinn innblástur frá Englandi (Peitersen, 2009, bls. 377). Roligans eru stuðningsmannahópur sem fylgir danska landsliðinu og eru ákveðin andstæða við ensku fótboltabulluna. Danska orðið rolig þýðir rólegur. Þeir drekka mikið áfengi, elska að syngja og hlægja, ásamt því að vera vinalegir og friðsamlegir. Margir sem eru roligans vinna í opinberum þjónustustörfum og meðalaldurinn er 31 ára, sem er talsvert eldri en annars staðar í Evrópu (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 67-68). Hinn hópurinn, sem er líkari fótboltabullum eins og í Englandi, kemur aðallega fram á meðal danskra félagsliða og minna í kringum landsliðið (Peitersen, 2009, bls. 377).

Í Danmörku má aðallega sjá hooliganisma meðal stuðningsmanna félagsliða, t.d. hjá Brøndby eða fótboltafélagi Kaupmannahafnar (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 68). Á tíunda áratugnum komu fram nokkur ofbeldis atvik, sérstaklega þegar nágrannaslagir áttu sér stað. Sem dæmi átti sér stað skipulögð slagsmál á milli stuðningsmanna Brøndby og fótboltafélagi Kaupmannahafnar árið 1992. Eftir atvikið varð eðlilegra að aðskilja aðdáendur liðanna (Radmann o.fl., 2023, bls. 90-91). Talið er að um aldarmótin hafi verið í kringum 200 fótboltabullur, sú tala hefur verið stöðug að minnsta kosti fram að árinu 2010 (Havelund o.fl., 2010, eins og vitnað er til í Radmann o.fl., 2023, bls. 91). Líklega eru ekki allir stuðningsmenn sem taka þátt í Roligan menningunni en það má hins vegar taka fram að þessi ofbeldis atvik eru í lágmarki (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 68). Radmann o.fl. (2023) tala um að í danskri könnun kom fram að af 1807 þátttakendum, þá var aðeins eitt prósent sem sagði að hooliganismi væri raunverulegt vandamál í Danmörku (bls 91). Það virðist sem svo að stuðningsmennirnir sjálfir áliti ekki á ofbeldið sem stórt vandamál. Það er einungis augljóst misræmi á milli umfjöllunnar fjölmiðla og upplifun stuðningsmanna á ástandinu (Havelund o.fl., 2010, eins og vitnað er til í Radmann o.fl., 2023, bls. 91).

5.2 Svíþjóð

Ný kynslóð stuðningsmanna í Svíþjóð vildu móta sína eigin sjálfsm mynd í stúkunni. Þessir ungu aðdáendur vildu skapa menningu og lífga við stemninguna í stúkunni. Á sama tíma laðaði fótboltafélagið AIK að laða að sér hóp stuðningsmanna sem gengu undir nafninu „svarti herinn“. Þeir sungu ekki einungis á leikjum heldur ollu einnig eyðileggingu. Sem dæmi sótti „svarti herinn“ ásamt mörgum hópum töluverðan innblástur í enska stuðningsmenn og margþættri tjáningu þeirra eins og söngvar, klæðnað og vaxandi áhuga á að sýna hollustu sína við eigin hóp, gegn öðrum stuðningsmannahópum. Þessir hópar, eins og „svarti herinn“, mynduðu mikið siðafár í Svíþjóð á sínum tíma. Þrátt fyrir mikinn uppreisnaranda þá eru þessir stuðningsmannahópar sjálfeignarstofnanir sem einblína á lýðræði, atkvæðisréttindi og lagafrumvörp, sem er annað en á við hópa í Englandi. Þrátt fyrir að lýðræði hefur verið mikilvægt atriði í sænskri aðdáendameningunni, þá hefur fótbolta hooliganismi og ofbeldi tekið fótfestu í Svíþjóð, og er það er jafnvel talið vera reglulegur þáttur í sænsku stúkunni (Radmann o.fl., 2023, bls. 88).

Uppruni hooliganisma í Svíþjóð má rekja til ársins 1991, þegar tvær fótboltabullu fylkingar mættust í skipulögðum slagsmálum. Með því varð ofbeldi, bæði líkamlegt og táknrænt, mikilvægur þáttur í sænska stuðningsmanna umhverfinu. Þetta leiddi til þess að fleiri árásagjarnir ungir menn hópuðust saman. Þeir rökstuddu svo athafnir sínar sem því að lýsa þeim sem ákveðinni menningu þar sem ungir karlmenn gátu mælt styrk sinn og slegist við aðra með svipað hugafar. Þar sem engin skilda var að ganga í slíka fylkingu þá töldu þeir að þetta væri herra manna íþrótt með heiðursreglum. Þar af leiðandi myndi ekkert koma fyrir þá stuðningsmenn sem ekki vildu slást. Hooliganismi í Svíþjóð virðist aðallega vera vandamál innanlands á meðal stuðningsmanna félagsliða, en ekki þegar landsliðið er að spila. (Radmann o.fl., 2023, bls. 89).

Það eru mismunandi skoðanir á meðal fræðimanna um hvort að hooliganismi í Svíþjóð sé raunverulegt vandamál eða ekki. Andersson og Carlsson (2009) tala um að fótboltabullur hafa verið vandamál í landinu allt frá tíunda áratug síðustu aldar (bls. 300). Frostdick og Marsh (2005) greina frá því að til reyna að fá samhengi á raunverulegum skala vandamálsins þá var gerð rannsókn á 3000 manna aðdáendaklúbb hjá liðinu Djurgarden. Í honum voru 30 manns sem töluðu um að þeir væru tilbúnir að hefja slagsmál og aðrir 20 sem sögðust vera tilbúnir að taka þátt í slagsmálum. Þetta segir okkur að meirihluti

aðdáenda er ekki ofbeldisfullur og vill einungis horfa á fótbolta (bls. 67). Einn lögreglumaður talaði einnig um að vandamál hooliganisma væri ýkt. Það virðist sem svo að það eru ekki margir aðdáendur sem taka þátt í slagsmálum né beita ofbeldi (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 67).

5.3 Noregur

Í Noregi er lítið um fótbolta hooliganisma (Spaij, 2006; Frosdick og Marsh, 2005) en í kringum árið 1991 fór að myndast sterkari stuðningsmannamenning. Fyrir það var aðeins einstaka sinnum sungið á völlum (Radmann o.fl., 2023, bls. 91). Stuðningsmenn fóru að mæta meira á útileiki bestu liðanna og urðu skipulagðari hópur (Hognestad, 2015). Hegðun noskra stuðningsmanna, bæði félagsliða og landsliðsins, einkennist af háværu en friðsömu ákafi. Jafnvel á milli erkifjenda, eins og hjá liðunum Rosenberg og Brann, hefur verið lítið um átök á milli stuðningsmanna þessara liða. Í ofbeldislausu andrúmslofti keppast þeir aðallega sín á milli um bestu lögin, búninga og bjórdrykkju (Frosdick og Marsh, 2005, bls. 69).

5.4 Ísland

Engar rannsóknir eru að finna um stuðningsmannamenningu, hvað þá hooliganisma, á Íslandi. Sú litla umfjöllun sem hefur verið um einhversskonar „hooliganisma“ á fótboltaleikjum hefur verið út frá fréttamiðlum. Fyrsta sinn sem seldur var bjór á íslenskum landsliðsleik, var 6. Júní árið 2022 þegar Ísland mætti Albaníu. Ástæðan fyrir því var til þess að mæta óskum stuðningsmanna sem vildu fá sér bjór á landsleik en einnig til þess að auka mætingu á völlum (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022a). Síðan leiddist í ljós að miðasala á leikinn hækkaði verulega eftir fréttir af löglegri bjórsölu á völlum. KSÍ talar um að þeir séu að reyna að koma til móts við óskir stuðningsmanna sem hafa átt sér stað í mörg ár, með því að leyfa áfengissölu. Ómar Smáráson talar um í fréttinni að það sé verið að selja áfengi á leikjum innanlands, bæði í fótbolta og körfubolta (Urður Egilsdóttir, 2022). Vegna fárra heimilda þá er erfitt að segja hvort þetta eigi sér stað á öllum leikjum. Það eru hins vegar skiptar skoðanir um hvort áfengissala eigi að vera lögleg eða ekki á fótboltaviðburðum. Bryndís Jónsdóttir sem er sérfræðingur í forvörnum er ósammála þessari stefnu. Hún talar um að KSÍ þurfi að ákveða hvort að fótboltaviðburðir séu fyrir fjölskyldur eða ein stór „áfengisveisla“. Þá er aðal spurningin hennar í raun um, hvaða hópa viljum við fá á völlum, fjölskyldur eða drykkfellda aðdáendur? Í fréttinni

kemur einnig fram að sumum finnst þetta vera eðlilegt skref en aðrir skilja ekki samblöndu íþróttar og áfengis (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022b).

Í fjölmiðlum á Íslandi má einnig sjá villandi fréttir þegar fjallað er um fótboltaþullur. DV birti frétt árið 2021 þar sem talað er um fótboltaþullur í titli fréttar, en svo þegar fréttin er lesin þá er ekki minnst á ofbeldi né frávikshegðun stuðningsmanna. Það er í raun verið að fjalla um einstaklinga sem elska fótbolta, hvernig sem það er túlkað, sem er ekki hefðbundna útskýringin á fótboltaþullu (Hörður Snævar Jónsson, 2021).

6 Umræður og lokaorð

Áður en ég skoðaði þetta viðfangsefni þá hafði ég allt öðruvísi hugmynd um hugtakið fótboltaþulla. Ég sá fyrir mér fulla stuðningsmenn að skemmta sér, en í þeirri hugmynd felst einfaldlega að menn drekki áfengi og horfi á fótbolta. Eftir að skoða viðfangsefnið betur þá gat ég mótað betri skilgreiningu á fyrirbærinu. Ég er mjög hrifinn af hugmyndum fræðimannsins Spaaij þegar kemur að því að skilgreina hooliganisma. Nú tel ég því að hooliganismi sé keppnisofbeldi skipulagðra stuðningsmanna, sem beint er gegn öðrum andstæðum hópum, þar sem flestir eru ungir karlmenn, lítil áfengisdrykkja á sér stað og einhver stærri ástæða liggur bakvið ofbeldinu t.d. örvun frá slagsmálum eða þörfin að tilheyra stærri hóp.

Fræðimenn hafa rannsakað tengsl milli áfengisneyslu og ofbeldi stuðningsmanna. Í þessum rannsóknum hafa bæði verið jákvæð tengsl (Fitzpatrick, 2015; Fortes, 2016; Grove o.fl., 2012) og líka neikvæð tengsl þar sem áfengisneysla er ekki talinn vera aðal orsök ofbeldis (Bandura o.fl., 2023; Pearson og Sale, 2011; Frostdick og Marsh, 2005; Dunning, 1999). Vandamál við þennan samanburð er að þær rannsóknir sem segja að það séu jákvæð tengsl, á milli áfengisneyslu og ofbeldi stuðningsmanna, eru flestar gerðar í Bandaríkjunum, og tengjast ekki endilega fótbolta. Eins og vitnað var í Spaaij (2006) í fyrri kafla þá er fótbolta hooliganismi ekki til staðar í Bandaríkjunum. Þeir fræðimenn sem segja að lítil tengsl séu milli áfengisneyslu og hooliganisma eru í raun ekki að skoða sjálfsprottið ofbeldi, sem gæti átt sér stað í stúkunni, heldur ofbeldi í tengslum við fyrirbærið. Eins og hefur komið fram í ritgerðinni, vilja fótboltaþullur ekki drekka vegna þess að það gæti komið í veg fyrir skerpu. Auk þess, eins og nefnt var, er lítið um hooliganisma í löndum þar sem mikil áfengismenning á sér stað, t.d. í Danmörku og Skotlandi. Það má því bera rök fyrir því, eins og fræðimenn hafa talað um áður, að áfengisneysla ýti ekki undir hooliganisma. Margir aðrir fræðimenn, sem hafa skoðað fyrirbærið, hafa komist að þeirri niðurstöðu.

Í ritgerðinni hefur komið fram hvernig fjölmiðlar móta hugmyndir almennings á hooliganisma með því að beita dagskrárahirfum og siðafári (Poultron, 2005). Einnig hvernig þeir tengja áfengisneyslu við ofbeldi stuðningsmanna án þess að hafa allar heimildir (Varela, 2013). Þeir eru oft ekki hlutlausir í umfjöllun sinni né hafa allar staðreyndir á hreinu, sérstaklega þegar kemur að stuðningsmannamenningu. Ef

frávíkshæðun á sér stað í fótoltasamhengi þá er það stimplað sem hooliganismi. Þá er ákveðin stuðningsmannahópur, oft enskir stuðningsmenn, sem eru stimplaðir af völdum fjölmiðla, sem fótoltabullur, jafnvel þó stór hluti hópsins gerði ekkert af sér. Karnival aðdáendur eru gott dæmi um stuðningsmannahóp sem sækist ekki í ofbeldi en fær oft fótoltabullu stimpilinn á sig. Þetta eru þessir hefðbundnu ensku stuðningsmenn sem syngja, tralla og bera enska fánan hátt á lofti. Eins og var fjallað um í fyrri kafla þá sagði Pearson (2012) að þegar hann fór fyrst á vettvang til að rannsaka karnival aðdáendur, þá hafði hann áhyggjur á að þeir yrðu taldir vera ógn, vegna slæms orðspors hjá Englendingum. Þó að karnival aðdáendur tengist ekkert fótoltabullum þá er áhugavert að sjá, að þessi drykkþyrsti menningarkimi er í raun það sem almenningur og fjölmiðlar sjá sem fótoltabullur. Þetta var nákvæmlega sú hugmynd sem ég hafði af „fótoltabullum“ miðað við það sem ég hafði lesið og séð í fjölmiðlum.

Hooliganismi er tiltölulega nýtt fyrirbæri á Norðurlöndunum, en það virðist sem svo að fjölmiðlar og áhrif frá Englandi hafa spilað inn í viðveru þess. Mikill innblástur var tekin frá Englandi þar sem margir vildu horfa á enskan fótolta vegna þess að það var skemmtilegra og kraftmeira andrúmsloft á leikjum þar. Með tímanum hefur andrúmsloftið og stuðningsmannameningin aukist töluvert. Fræðimenn vilja hins vegar meina, að hooliganismi sé ekki algengur á Norðurlöndunum. Hugmynd mín var að skoða hvort hooliganismi gæti komið til Íslands út frá áhrifum fjölmiðla. Þessu er ekki hægt að svara, nema með frekari athugun og rannsóknum. Einnig virðist sem svo að fyrirbærið hafi ekki náð fótfestu hér á landi, en það er erfitt að segja, þegar engar rannsóknir eru til. E.t.v. vilja sumir Íslendingar leyfa sölu áfengis á fótoltaviðburðum. Það virðist sem svo að það megi á einhverjum leikjum í bestu deildinni og var áfengissala í Kaplakrika þegar ég fór þangað sumarið 2023. Mín hugmynd er sú, að Ísland einblínir mikið á fjölskyldustemningu, svipað og hin Norðurlöndin, sem gerir það að verkum að erfiðara er fyrir hooliganisma að festa rætur sínar hér. Ég held einnig, að takmörkuð áfengissala hjálpi við það að einhverju leyti, en samt sem áður virðist áfengisneysla ekki ýta undir hooliganisma.

Hooliganismi hefur mikið verið rannsakaður á síðustu árum en samt sem áður er erfitt að útskýra af hverju fyrirbærið er til staðar. Sem hugmynd væri því áhugavert að skoða betur karlmennsku hugmyndir innan menningarkimans.

Heimildaskrá

- Andersson, T. og Carlsson, B. (2009). Football in Scandinavia: A fusion of welfare policy and the market. *Soccer & Society*, 10(3-4), 299-304.
<https://doi.org/10.1080/14660970902771365>
- Andersson, T og Hognestad, H. (2019). Glocal culture, sporting decline? Globalization and football in Scandinavia. *Sport in Society*, 22(4), 704-716.
<https://doi.org/10.1080/17430437.2017.1389015>
- Bandura, C.T., Giulianotti, R., Martin, J.G., Bancroft, A., Marrow, S., Hunt, K. og Purves, R.I. (2023). Alcohol consumption among UK football supporters: Investigating the contested field of the football carnivalesque. *Drugs: Education, Prevention and Policy*. <https://doi.org/10.1080/09687637.2023.2219370>
- Bourdieu, P. (1977) *Outline of a theory of practice*. Cambridge University Press. (28. útgf.).
- Burke, P. (1978). *Popular culture in early modern europe*. Harper & Row.
- Cohen, S. (2011). *Folk devils and moral panics: The creation of the Mods and Rockers* (4. útgf.). Routledge.
- Coleman, R., McCombs, M., Shaw, D. og Weaver, D. (2009). Agenda setting. Í Wahl-Jorgensen, K. og Hanitzsch, T. (ritstj.) *The handbook of journalism studies* (bls. 161-182). Routledge
- Cook, P.J. og Durrance, C.P. (2013). The virtuous tax: Lifesaving and crime-prevention effects of the 1991 federal alcohol-tax increase. *Journal of Health Economics*, 32(1), 261-267. <https://doi.org/10.1016/j.jhealeco.2012.11.003>
- Costa, C. og Murphy, M. (2015). Bourdieu, habitus and social research: The art of application. Palgrave Macmillan.
- Council of Europe. (2015, 28. maí). *30th anniversary of the Heysel Stadium tragedy*. https://www.coe.int/en/web/portal/full-news/-/asset_publisher/y5xQt7QdunzT/content/30th-anniversary-of-the-heysel-stadium-tragedy?_101_INSTANCE_y5xQt7QdunzT_languageId=de_DE
- Dixon, K. (2014). The football fan and the pub: An enduring relationship. *International Review for the Sociology of Sport*, 49(3-4), 382-399.
<https://doi.org/10.1177/1012690213501500>
- Doidge, M., Kossakowski, R. og Mintert, S. (2020). *Ultras: The passion and performance of contemporary football fandom*. Manchester University Press.
- Dunning, E., Murphy, P. og Williams, J. (2014). *The roots of football hooliganism: An historical and sociological study* (2. útgf.). Routledge.

- Dunning, E. (2000). Towards a Sociological Understanding of Football Hooliganism as a World Phenomenon. *European Journal on Criminal Policy and Research*, 8, 141-162. <https://doi.org/10.1023/A:1008773923878>
- Dunning, E. (1999). *Sports matters: Sociological studies of sport, violence and civilization*. Routledge.
- Elísabet Inga Sigðurardóttir. (2022a, 6. júní). *Bjór seldur á knattspyrnuleik á Laugardalsvelli í fyrsta sinn í sögunni í kvöld*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222272247d>
- Elísabet Inga Sigurðardóttir. (2022b, 7. júní). *KSÍ þurfi að ákveða hvort landsleikir séu fjölskylduviðburðir eða eitt stórt parti*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222272742d/ksi-thurfi-ad-a-kveda-hvort-lands-leikir-seu-fjol-skyldu-vid-burdir-eda-eitt-stort-parti>
- Fitzpatrick, B. (2015). Broken bats and broken bones: Holding stadium owners accountable for alcohol-fueled fan-on-fan violence. *Jeffrey S. Moorad Sports Law Journal*, 22(2), 663-691. Vefslóð: <https://digitalcommons.law.villanova.edu/mslj/vol22/iss2/7/>
- Fortes, P.R. (2016). The law relating to Brazilian sports fans: An Introduction for a British audience. *Entertainment and Sports Law Journal*, 11. <https://doi.org/10.16997/eslj.13>
- Frosdick, S. og Marsh, P. (2005). *Football hooliganism*. Willian Publishing.
- Frosdick, S. og Newton, R. (2006). The nature and extend of football hooliganism in England and Wales. *Soccer and society*, 7(4), 403-422. <https://doi.org/10.1080/14660970600905703>
- Giulianotti, R. og Armstrong, G. (2002). Avenues of contestation. Football hooligans running and ruling urban spaces. *Social Anthropology*, 10(2), 211-238 <https://doi.org/10.1017/S0964028202000149>
- Goode, E. og Ben-Yehuda, N. (2009). *Moral panics: The social construction of deviance* (2. útgf.). Wiley-Blackwell
- Grove, S.J., Pickett, G.M., Jones, S.A. og Dorsch, M.J. (2012). Spectator Rage as the Dark Side of Engaging Sport Fans Implications for Services Marketers. *Journal of Service Research*, 15(1), 3-20. <https://doi.org/10.1177/1094670511428166>
- Hognestad, H.K. (2015). "Rimi Bowl" and the Quest for Authenticity: Fan Autonomy and Commodification in Norwegian Football. *Journal of Sport and Social Issues*, 39(2), 139-154. <https://doi.org/10.1177/0193723514541283>
- Hörður Snævar Jónsson. (2021, 8. febrúar). *Íslenskar fótboltaþullur þurfa að rífa fram 150 þúsund krónur til að fylgjast með*. DV.

<https://www.dv.is/433/2021/2/8/islenskar-fotboltabullur-thurfa-ad-rifa-fram-150-thusund-kronur-til-ad-fylgjast-med/>

James, M. (2013). *Sports law*. Palgrave Macmillan.

Lang, G.E. og Lang, K. (1983). *The battle for public opinion: The president, the press, and the polls during watergate*. Columbia university press.

McQuail, D. (2010). *McQuail's mass communication theory* (6. útgf.). SAGE publication.

Murphy, P., Williams, J. og Dunning, E. (1990). *Foorball on trial: Spectator violence and development in the football world*. Routledge.

Ostrowsky, M.K. (2018). Sports fans, alcohol use and violent behaviour: A sociological review. *Trauma, Violence, & Abuse*, 19(4), 406-419.
<https://doi.org/10.1177/1524838016663937>

Ostrowsky, M.K. (2014). The social psychology of alcohol use and violent behavior among sports spectators. *Aggression and Violent Behavior*, 19(4), 303-310.
<https://doi.org/10.1016/j.avb.2014.05.001>

Pearson, G. (2012). *An ethnography of English football fans: Cans, cops and carnivals*. Manchester university press.

Peitersen, B. (2009). Supporter culture in denmark: The legacy of the world's best supporters. *Soccer & Society*, 10(3-4), 374-385.
<https://doi.org/10.1080/14660970902771431>

Poultron, E. (2005). English Media Representation of Football-related Disorder: 'Brutal, Short-hand and Simplifying'? *Sport in Society*, 8(1), 27-47.
<https://doi.org/10.1080/1743043052000316605>

Poultron, E. (2002). Tears, tantrum and tattoos: Framing the hooligan. Í M. Perry (ritstj.), *Hooligan wars: Causes and effects of football violence*. (Bl. 122-138). Mainstream publishing.

Purves, R.I., Critchlow, N., Guilianotti, R., Hunt, K., Morrow, S. og Bancroft, A. (2022). Sport Fan Attitudes on Alcohol: Insight from a Survey of Football Supporters in Scotland and England. *Journal of Sport and Social Issues*, 42(2), 199-218.
<https://doi.org/10.1177/01937235211067192>

Radmann, A., Andersson, T. og Herd, K. (2023). A struggle between loyalty and commodification: Scandinavian football fans. Í B.B. de Hollanda og T. Bussets (ritstj.), *Football fandom in Europe and Latin America: Culture, politics and violence in the 21st century* (bls. 81-105). Palgrave Macmillan. <https://doi.org/10.1007/978-3-031-06473-9>

Radmann, A. (2014). Hooligans: nice guys or the last alpha males? A study of football supporters' self-image. *Soccer & Society*, 15(4), 548-563.
<https://doi.org/10.1080/14660970.2013.828597>

- Roberts, J. og Benjamin, C. (2000). Spectator Violence in Sports: A North American Perspective. *European Journal on Criminal Policy and Research* 8, 163–181.
<https://doi.org/10.1023/A:1008753024786>
- Rookwood, J. og Spaaij, R. (2017). Violence in football (soccer): Overview, prevalence, and risk factors. <https://doi.org/10.1002/9781119057574.whbva110>
- Schaap, D., Postma, M., Jansen, L. og Tolsma, J. (2015). Combating hooliganism in the netherlands: An evaluation of measures to combat hooliganism with longitudinal registration data. *European Journal on Criminal Policy and Research*, 21(1), 83-97.
<https://doi.org/10.1007/s10610-014-9237-7>
- Spaaij, R. (2006). *Understanding Football Hooliganism: A Comparison of Six Western European Football Clubs*. Vossiuspers UvA.
- Urður Egilsdóttir. (2022, 6. júní). *Miðasala tók kipp eftir fregnir um bjórsölu*. MBL.
https://www.mbl.is/sport/efstadeild/2022/06/06/midasala_tok_kipp_eftir_fregnir_um_bjorsolu/?ref=fpimestlesid
- Valera, S. (2013). “Drunk and Proud”, from the streets to the stands: America Football Club fans, aguante and alcohol consumption in Mexican football fandom. *International Review for the Sociology of Sport*, 49(3-4), 435-450.
<https://doi.org/10.1177/1012690213499333>
- Weed, M. (2007). The pub as a virtual football fandom venue: An alternative to „being there“?. *Soccer & Society*, 8(2-3), 399-414.
<https://doi.org/10.1080/14660970701224665>
- Weed, M. (2006). The Story of an Ethnography: The Experience of Watching the 2002 World Cup in the Pub. *Soccer & Society* 7(1), 76-95.
<https://doi.org/10.1080/14660970500355603>